FRÉTTABLAÐIÐ

79. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. APRÍL 2016

# 22.000 mótmæltu

**Skipuleggjendur mótmælafundar á Austurvelli í gær töldu að um 22 þúsund manns hefðu mætt til þess að krefjast þess að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar segði af sér.**

SJÁ SÍÐU 4, 6, 8 OG 10



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## DNB stofnaði aflandsfélög

**NOREGUR** Viðskiptamálaráðherra Noregs, Monica Mæland, hefur beðið stjórn DNB-bankans, sem norska ríkið á hlut í, um skriflega skýringu á fréttunum um að bankinn hafi aðstoðað viðskiptavini við að stofna aflandsfélög í skattaskjólum. Norska blaðið Aftenposten greindi frá því á sunnudaginn að dótturfélag bankans í Lúxemborg hefði á árunum 2006 til 2010 aðstoðað um 40 norska viðskiptavini við að stofna aflandsfélög á Seychelles-eyjum.

Ráðherrann segir að sem eigandi vænti ríkið þess að bankinn sýni samfélagslega ábyrgð. **– ibs**

## Fastar fléttur komnar í tísku

**TÍSKA** Fastar fléttur hafa orðið áberandi upp á síðkastið hjá konum um allan heim. Ástæðan gæti verið sú að Kardashian-systur skella þeim í hárið við hinu ýmsu tilefni, uppgangur í rappheiminum eða einfaldlega vegna þess hve auðvelt er að flétta sig sjálfur.



Fréttablaðið ræddi við hárgreiðslumeistara sem segir að fastar fléttur verði líklega mjög vinsælar í sumar þegar sólin verður orðin tíður gestur.

**– gj /** **sjá síðu 28**

# Upplausn í ríkisstjórn innan beggja flokka

**Ríkisstjórnarsamstarfið hangir á bláþræði. Megn óánægja ríkir innan bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en ákvörðunar Bjarna Benediktssonar er beðið. Tugþúsundir Íslendinga mótmæltu ríkisstjórninni á Austurvelli í gær.**

**STJÓRNMÁL** Traust á milli ríkisstjórnarflokkanna er horfið. Megn óánægja ríkir innan beggja flokka, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, með Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í aflandsfélagamálinu síðustu daga. Beðið er eftir viðbrögðum Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, en hann er væntanlegur heim úr fríi frá Flórída í dag.

Samkvæmt heimildum blaðsins eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins einróma í þeirri skoðun sinni að traust á milli samstarfsflokkanna sé við frostmark. Enginn vilji sé til þess að „fara í slag við þjóðina“.

Stjórnarandstaðan hefur borið fram þingsályktunartillögu um vantraust og þingrof. Tillagan kemur til umræðu á Alþingi næstu daga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í gær í þættinum Ísland í dag að til greina kæmi að opna bókhald hans og eiginkonu hans til að sanna að skattar hefðu verið greiddir af félagi hennar á Tortóla. Áður hafði félagið verið skráð í helmingseigu Sigmundar til 31. desember 2009. Degi síðar gengu í gildi lög um skattlagningu erlendra félaga.

Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, tók af skarið í gær og lýsti því yfir að félagið myndi ekki styðja ríkisstjórn undir forsæti Sigmundar Davíðs. Þá skora bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins á Akureyri á Sigmund að segja af sér. Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að formaður Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, sé sammála því að Sigmundi sé ekki sætt í embætti. Bjarni Benediktsson vildi ekki lýsa yfir stuðningi við Sigmund í þeim viðtölum sem hann veitti í gær.

**›› Traust á milli stjórnarflokkanna er við frostmark. Enginn vilji er hjá þingmönnum til að fara í slag við þjóðina, samkvæmt heimildum blaðsins.**

Ein fjölmennustu mótmæli Íslandssögunnar fóru fram á Austurvelli í gær. Þar voru saman komin á milli 10 og 15 þúsund manns þegar mest var. **– snæ/** **sjá síðu 4, 6, 8 og 10**

## OECD vill uppræta skattaskjól í heiminum

**EFNAHAGSMÁL** Angel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, segir Panama-skjölin hafa varpað ljósi á menningu og starfshætti Panama sem leynd hvílir yfir. OECD gaf út yfirlýsingu í gær um skjölin.

Frá 2009 hefur OECD unnið með G20-ríkjunum að því að uppræta skattaundanskot. „Við höfum statt og stöðugt varað við áhættu af löndum eins og Panama sem starfa ekki í samræmi við alþjóðlega staðla um gegnsæi skatta,“ segir Gurría.

Gurría segir einnig að við gerð alþjóðlegra staðla og skuldbindinga sé verkið bara hálfnað. „Nú er tími til kominn að sjá til þess að ekkert lögsagnarumdæmi geti notið góðs af því að standa ekki við skuldbindingar sínar.“ **– þv**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ásta Guðrún Helgadóttir skrifar um fátækt stjórnmálamanna. 13

**SPORT** Geir Sveinsson lærði mikið af fyrsta leiknum. 16

**MENNING** Sólveig og Kristinn Örn bjóða til tónleika í kirkju Óháða safnaðarins í kvöld. 22

**LÍFIÐ** Samfélagsmiðlarnir yfirfullir af Tortóla-gríni. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LÍFRÆNT RAUÐRÓFUDUFT Í HYLKJUM




„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma.“
Jóhannes S. Ólafsson

## Veður




Hvöss austanátt með suðurströndinni í dag, en annars hægari. Rigning með köflum, en úrkomulitið norðvestan til. Milt veður að deginum.
SJÁ SÍÐU 20

# Nýr skóli býður upp á sérnám í tónlist

**MENNTAMÁL** Ríkisstjórnin hefur að tillögu menntamálaráðherra samþykkt að settur verði á laggirnar framhaldsskóli sem býður upp á sérhæfingu í tónlist. Miðað er við að skólastarf hefjist í haust.

„Það er framfaraskref fyrir tónlistarlífið að boðið verði upp á sérnám í tónlist sem leiða mun til stúdentsprófs,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.

Ráðuneytið vinnur í samstarfi við Ríkiskaup að undirbúningi auglýsingar eftir aðilum til að setja á fót og reka slíkan skóla. Gera á samning um kennslu allt að 200 nemenda sem þreyta inntökupróf, óháð lögheimili.



Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra

Málefni tónlistarskóla í Reykjavík voru talsvert í umræðunni í vetur vegna fjárhagserfiðleika. Í kjölfarið stefndu tónlistarskólarnir Reykjavíkurborg en niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur þann 15. nóvember síðastliðinn var að borginni hefði verið heimilt að fella niður greiðslur til skólanna þrátt fyrir að lagaleg ábyrgð borgarinnar á málefnum tónlistarskólanna væri skýr.

„Það er ljóst að stofnun tónlistarskólans ætti að bæta þessa stöðu verulega. Ég tel tónlistarmenntun gríðarlega mikilvæga og fannst vont að sjá í hvað stefndi í málefnum tónlistarskólanna í borginni,“ segir Illugi. Ríkið muni áfram styðja við annað tónlistarnám á framhaldsstigi víðs vegar um landið. **– ósk**

## Ævintýri í Borgarleikhúsinu



**Nemendur Dansstúdíós World Class bíða spenntir baksviðs eftir því að stíga á svið á nemendasýningu skólans. Sýningarnar eru fjórar talsins og eru þær árlegur viðburður innan skólans. Á hverju ári er eitt þema fyrir öll atriði sýningarinnar og í ár er þemað sagan um Aladdin. Á sýningunni sameinast allir nemendur skólans undir einu þaki og sýna listir sínar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nordea í rannsókn

**SVÍÞJÓÐ** Upplýsingarnar um að Nordea-bankinn í Svíþjóð, einn stærstu bankanna í Skandinavíu, hefði aðstoðað viðskiptavini við að stofna aflandsfélög í Panama komu sænska fjármálaeftirlitinu á óvart, að því er sænska ríkisútvarpið hefur eftir einum yfirmanni þess. Eftirlitið rannsakaði og úrskurðaði í fyrra að bankinn ætti að greiða sektir fyrir skort á aðgerðum vegna hættu á peningaþvætti.

Yfirmaðurinn, Christer Furustedt, segir að engar upplýsingar hafi komið fram við rannsóknina á Nordea-bankanum um aflandsfélög í Panama. Furustedt segir að haft hafi verið samband við fjármálaeftirlitið í Lúxemborg vegna frétta um að Nordea hefði notað dótturfélag sitt þar til að stofna aflandsfélögin.

Þá segir Furustedt verða rætt hvort fleiri bankar verði rannsakaðir. **– ibs**






# Íslenskt spínat reyndist hreint ekki vera spínat

**Niðurstaða þýskrar efnagreiningar sýnir að Lambhagaspínat er í raun kál af annarri grænmetisfjölskyldu. Matjurtin er mun járnminni. Eigandi Lambhaga segir aldrei hafa staðið til að framleiða alvöru spínat því það geti valdið óþoli.**

**NEYTENDUR** Gróðrarstöðin Lambhagi seldi um árabil matjurt undir merkjum spínats sem ekki er spínat. Um er að ræða matjurt sem flokkast undir heitið Brassica rapa eða Komatsuna. Eftir ábendingu um síðustu áramót frá samkeppnisaðila Lambhaga þurfti fyrirtækið að breyta umbúðum sínum og nú kallast spínatið, sem ekki er spínat, spínatkál.

Spínat er í grænmetisfjölskyldunni Amaranthaceae en það sem selt er frá Lambhaga er í fjölskyldunni Brassicaceae. Í sömu fjölskyldu eru til dæmis næpur og hvítkál.

„Við köllum þetta bara Lambhagaspínat því Brassica rapa, eins og það heitir á latínu, heitir á íslensku spínatlauf. Við köllum þetta bara það,“ segir Hafberg Þórisson, eigandi Lambhaga.

Hann segist alltaf hafa vitað að spínatið frá Lambhaga væri ekki í raun og veru spínat. „Við tókum þá ákvörðun að vera ekki með spínat því venjulegt spínat inniheldur talsvert mikið af oxalsýrum sem valda óþoli.“

Kostir alvöru spínats eru meðal annars hátt járnmagn. Samkvæmt Wikipedia er járn í 100 g af spínati 2,71 mg eða 21 prósent en í kálinu sem Lambhagi notar er það 1,5 mg. Þó skal tekið fram að næringargildi ferskra matjurta tapast við geymslu en viðheldur sér til dæmis betur í frystingu.

„Það kom athugasemd frá samkeppnisaðila okkar og við förum í gegnum allt. Hún var alveg réttmæt og ekkert að því. En við viljum ekki kenna okkur við það að selja spínat. Það er talsvert mikið af oxalsýru í spínatinu og það er sagt, þegar maður les um spínat, að það þurfi að sjóða það áður en maður borðar það. Þetta vitum við sem erum í garðyrkju hér á Íslandi.“

Samkeppnisaðilinn sendi sýni af kálinu til Þýskalands þar sem það var efnagreint. Óskar Ísfeld hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur staðfestir að málið hafi komið inn á borð þess. „Við fengum ábendingu um að þarna væri hugsanlega röng merking á vöru og rannsökuðum málið. Það kom í ljós að það var röng merking á vörunni sem slíkri. Í framhaldi af því breytti Lambhagi merkingunni.“ **snaeros@frettabladid.is**



**Spínat er járnríkt og stundum kölluð ofurfæða. Brassica rapa kálið er líka næringarríkt, en það er í sömu fæðufjölskyldu og spergilkál og næpur.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> **Við köllum þetta bara Lambhagaspínat því Brassica rapa, eins og það heitir á latínu, heitir á íslensku spínatlauf. Við köllum þetta bara það.**
>
> Hafberg Þórisson, garðyrkjumaður og eigandi Lambhaga



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# HYBRID STJÖRNUTILBOÐ




Yaris Hybrid

Auris Hybrid

**Yaris Hybrid og Auris Hybrid bjóðast núna á stjarnfræðilega góðum kjörum í takmarkaðan tíma.**

Þú færð stjörnur í augun þegar þú sérð Yaris Hybrid og Auris Hybrid á sérstöku stjörnutilboði*. Við erum að tala um áður óséð sértilboð sem bjóðast ekki á hverjum degi. Komdu og fáðu stjörnur í augun hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Stjörnutilboð gildir ekki með öðrum tilboðum.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Hildur Margrétardóttir með bananaknippi. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJANA

## Mæðgur með bananaknippi

**MÓTMÆLI** „Við erum auðvitað með banana, enda búum við í bananalýðveldi,“ segir Helga Margrét Reinharðsdóttir, sem er mætt til að mótmæla með dóttur sinni. Báðar halda þær á bananaknippi. „Þetta er fáránlegt, að halda að hann komist upp með þetta. Að hann skuli glotta framan í okkur og ætla ekki að fara úr embætti,“ segir dóttir hennar, Hildur Margrétardóttir, og segist ekki munu gefast upp fyrr en forsætisráðherra hefur sagt af sér.

### Töpuðum ærunni



Ómar Ragnarsson fréttamaður er mættur til mótmælanna. „Í mótmælunum eftir hrunið mætti fólk sem hafði tapað eigum sínum. Nú eru komnir hingað vonsviknir Íslendingar sem finnst þeir hafa tapað einhverju sem er miklu verðmætara. Ærunni, traustinu. Þetta er svo miklu alvarlegra.“



Kristofer og Mads léttir í lundu þrátt fyrir að vera pikkfastir í umferðinni við Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJANA

### Fastir í umferðinni

Þeir Kristofer og Mads frá Stokkhólmi sátu fastir í bifreið sinni fyrir utan Hótel Borg. „Við höfum verið hér í um klukkustund, sagði Kristofer. „Þetta er óneitanlega sérstök upplifun. „Mér finnst gott að Íslendingar mótmæla,“ segir Mads og sagði þeim félögum nokkuð sama um að vera fastir í bifreiðinni. Athæfi forsætisráðherra væri með ólíkindum. Þeir hafa fylgst með fréttum af málinu í Svíþjóð. „Við óskum ykkur alls góðs. Bara að við verðum ekki bensínlausir,“ segir Kristofer og hlær. – **kbg**

# Segir forsætisráðherra á ábyrgð Sjálfstæðisflokks

**STJÓRNMÁL** Pólitískt líf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra er í höndum þingflokks Sjálfstæðisflokksins, að mati Grétars Þórs Eyþórssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

„Sigmundur Davíð hefur greinilega fengið stuðning síns þingflokks. Nú er hins vegar boltinn í Valhöll og framtíðin ræðst af því hvað sjálfstæðismenn gera,“ segir Grétar Þór. „Það skaðar ríkisstjórnina þegar forsætisráðherra er svona laskaður. Það eru ýmsir möguleikar í stöðunni. Forsætisráðherra getur haldið lífi í samstarfinu með því að stíga til hliðar.“

Heimdallur ályktaði í gær að félagið styddi ekki núverandi ríkisstjórn með Sigmund Davíð í forsætisráðuneytinu. Kristín Edwald, formaður Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, segir alvarlega stöðu uppi í íslenskri pólitík og er sammála mati Heimdalls á stöðu forsætisráðherra. „Ég tek undir með ályktun Heimdalls. Ég er nú að vinna í því að smala saman stjórn Varðar á stjórnarfund þar sem ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins verður rætt,“ segir Kristín.

> Það skaðar ríkisstjórnina þegar forsætisráðherra er svona laskaður.
>
> Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við HA



Grétar Þór segir stöðuna fordæmalausa. „Sjálfstæðismenn munu þurfa að gera upp hug sinn hvað varðar það að verja Sigmund Davíð sem forsætisráðherra. Hversu fjölmenn mótmælin verða næstu daga mun ábyggilega verða tekið með í reikninginn hjá þeim.“ – **sa**

# Undrast skort á uppgjöri

Allt var á suðupunkti á Alþingi í gær. Þingmenn stjórnarandstöðu teygðu þingfund í tvo tíma með það að markmiði að forsætisráðherra væri enn í Alþingishúsinu þegar mótmæli hæfust. Sigmundur sat undir ræðum andstöðunnar og teiknaði eitthvað sem liktist eyjaklasa á gult rissblað.

**ALÞINGI** „Mér þætti gaman að sjá háttvirta þingmenn stjórnarmeirihlutans koma hingað upp og reyna að verja það sem fram hefur komið, reyna að verja það að á Íslandi og frammi fyrir heiminum öllum ætlum við að láta þetta viðgangast að Alþingi ætli að sitja hér áfram eins og ekkert sé, að ríkisstjórnin ætli að sitja áfram eins og ekkert sé. Og hæstvirtur forsætisráðherra segir bara: Nanananananana, komið með vantraust.“ Þetta sagði Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, í eftirminnilegri ræðu á Alþingi í gær. Stjórnarandstaðan hafði þá lagt fram þingsályktunartillögu um vantraust á ríkisstjórnina og þingrof.

Eins og fram hefur komið fylgjast erlendir fjölmiðlar grannt með stöðu mála. Í gærkvöldi, þegar þetta er ritað, er flennistór mynd af forsætisráðherra Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni á forsíðu CNN undir fyrirsögninni að krafan um afsögn ráðherrans sé háværr.

Martin Zondag, blaðamaður frá norska ríkisfjölmiðlinum NRK, er staddur hér á landi til að fylgjast með framvindu stjórnmálanna næstu daga. „Það virðist þversögn að maðurinn sem hefur stýrt landinu undanfarin misseri hafi verið hluti af því hneyksli sem þið föruð í gegnum árið 2008.“ Martin segist ekki vita hvernig staðan væri ef sams konar mál kæmi upp í Noregi. „Á síðustu árum höfum við ekki haft hneykslismál þar sem ráðherra hefur þurft að segja af sér. En ef við rýnum í stöðuna og þá staðreynd að forsætisráðherra gerði ekki beinlínis neitt ólöglegt, heldur frekar eitthvað siðlaust, þá held ég að sama staða væri uppi í Noregi.“

Jean Babtiste Chastand frá franska dagblaðinu Le Monde segir að fyrst og fremst komi á óvart að Ísland hafi ekki í raun og veru gert upp sín mál eftir hrun. „Ég hélt að eftir kreppuna hefði Ísland gert allt sem hægt var að gera og sett bankamenn í fangelsi. En nú virðist sem Ísland sé enn með krökkt af vandamálum og stjórnmálamenn hafi fjárhagsleg tengsl við svart kerfi.“



Nokkuð var um frammíköll á þingfundi í gær, aðallega undir ræðum forsætisráðherra. Þingmenn stjórnarandstöðunnar stigu þó ekki í pontu til að verja ráðherra ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var spenna á Alþingi í gær. Stjórnarandstaða beið fregna af þingflokksfundum Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fram eftir morgni og margir bjuggust við því að forsætisráðherra myndi tilkynna um afsögn sína áður en þingfundur hæfist með það að markmiði að losna við baráttuna sem fram undan væri í þingsal. Þær væntingar urðu að engu í hádegisfréttatíma Stöðvar 2 þegar hann sagðist afdráttarlaust ekki hafa velt fyrir sér afsögn. Í kjölfarið hættu þingmenn Sjálfstæðisflokksins um hríð að svara spurningum blaðamanna, og sögðust skyndilega allir hafa öðrum hnöppum að hneppa.

Á meðan stillti stjórnarandstaðan saman strengi sína og kom vel æfð til leiks í umræður um störf þingsins og fyrirspurnartíma Alþingis. Aðeins tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar komu ekki í pontu, þeir Kristján Möller og Össur Skarphéðinsson, þingmenn Samfylkingarinnar. Enginn þingmaður stjórnarflokkanna steig í pontu, að Sigmundi Davíð undanskildum. **snaeros@frettabladid.is**

> Ég hélt að eftir kreppuna hefði Ísland gert allt sem hægt var að gera og sett bankamennina í fangelsi. En nú virðist sem Ísland sé enn með krökkt af vandamálum og stjórnmálamenn hafi fjárhagsleg tengsl við svart kerfi.
>
> Jean Babtiste Chastand, blaðamaður Le Monde






# Stjórn HÍ fer yfir mál lektors lagadeildar

**MENNTAMÁL** Kristján Gunnar Valdimarsson, lektor við Háskóla Íslands, óskaði árið 2013 eftir því að stofna til viðskiptasambands við lögmannsstofuna Mossack Fonseca í Panama. Kristján Gunnar notaði lektorstitil sinn í samskiptum við lögmannsstofuna.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu í Kastljósi á sunnudag óskaði Kristján eftir því að fá nokkurs konar umboð fyrir aflandsþjónustu lögmannsstofunnar hér á landi.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir það hafa komið á óvart að sjá Kristján nota lektorstitil sinn í þessum tilgangi. Stjórn Háskóla Íslands ætlar að fara yfir málið og ræða við Kristján í kjölfarið.

„Hann er hér í hlutastarfi og sinnir öðrum verkefnum en það þarf bara að fara yfir málið,“ segir Jón Atli.

Kristján hefur verið lektor við lagadeild Háskóla Íslands frá því árið 2007. Hann kennir innlendan og erlendan skattarétt við deildina. – **þv**



Kristján Gunnar Valdimarsson, lektor við lagadeild HÍ, í viðtali. MYND/STÖÐ 2

> Hann er hér í hlutastarfi og sinnir öðrum verkefnum en það þarf bara að fara yfir málið.
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands






GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst: **13. apríl** • Morgun- og kvöldhópur • **20 skipti**
Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **13. apríl** • Morgun- og kvöldhópur • **20 skipti**
Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

| STÖK NÁMSKEIÐ | LENGD | VERÐ |
|---|---|---|
| Navision fjárhagsbókhald | 47 std. | 79.000 kr. |
| Excel grunnur | 21 std. | 39.000 kr. |
| Excel fyrir bókara | 15 std. | 39.000 kr. |

## ALMENNT TÖLVUNÁM

Afar gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar árangri strax. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima og öðlist öryggi og færni í notkun helstu skrifstofuforritanna; Word, Excel og Outlook.

Hefst: **26. apríl** • 11 skipti • Verð **69.000 kr.**

## SKATTSKIL EINSTAKLINGA MEÐ REKSTUR

Á námskeiðinu verða tekin fyrir helstu atriði er varða skattskil einstaklinga með atvinnurekstur. Kennsla er bæði í formi fyrirlestra og verklegra æfinga. Kjörin viðbót við undirbúningsnám til viðurkenningar bókara.

Hefst: **1. júní** • **6 skipti** • Verð **59.000 kr.**

## UPPLIFUN NEMENDA

Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til. Góð tímasetning.
**Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaranám fyrir lengra komna.**

Mikill kostur við námið er að það sé í boði í fjarnámi en samt var maður velkominn í kennslustofuna. Leiðbeiningar og stuðningur frábærar alla leið í tímum. Einnig gott að fá aðstoð fyrir utan formlega kennslustund.
**Helga Þuríður Magnúsdóttir, Bókhald grunnur.**

Það var mjög gott að geta fengið að vinna í bæði Navision og DK og fá þannig að kynnast kerfunum. Vinn við bókhald og lærði ýmislegt um það hvernig ég get gert hlutina betri og einfaldari.
**Sigrid Roloff, Bókaranám fyrir lengra komna.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.
PIPAR\TBWA • SÍA • 161848

Sökkuldúkur, rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði

Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.



HEY'DI ABDICHTUNGSTECHNIK

Rakaþolplast 100m²
kr. 11.990

kr. 1.195

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Barnsmissir

Sr. Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahússprestur fjallar um barnsmissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar, miðvikudagskvöldið 6. apríl kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Tekið verður við skráningum í stuðningshóp vegna barnsmissis.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is





AÐALFUNDUR

Aðalfundur MATVÍS 2016 verður haldinn 6. apríl næstkomandi.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton Nordica, 2. hæð og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

MATVÍS



Endalaust 365

ENDALAUST NET

1817 | 365.is

365


## Á leið til Tyrklands




Ferja kemur með flóttafólk til Dikilihafnar í Izmir í Tyrklandi frá grísku eyjunni Lesbos í gær. Um var að ræða 160 manns frá Pakistan, Bangladess og Marokkó, sem ekki vildu sækja um hæli í Grikklandi, og voru flutt úr landi í samræmi við samning Evrópusambandsins og Tyrklands um viðbrögð við straumi flóttafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# ASÍ neitar tengslum við aflandsfélög

**Forseti ASÍ kannast ekki við tengsl verkalýðsfélaga og aflandsfélaga líkt og forsætisráðherra fullyrti í viðtali. Hann biður um upplýsingar frá Reykjavik Media. Blaðamaður þar segir ekki hægt að verða við slíkum fyrirspurnum.**

**STJÓRNMÁL** „Við könnumst ekki við þetta,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um þá fullyrðingu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í viðtali við fréttamann sænska ríkissjónvarpsins að verkalýðsfélög hafi tengsl við aflandsfélög.

Gylfi kveðst ekki hafa hugmynd um hvað forsætisráðherra hafi átt við með orðum sínum um verkalýðsfélögin sem birt voru í sérstökum Kastljósþætti um svokölluð Panamaskjöl sem stafa úr gagnaleka frá lögfræðifyrirtækinu Mossack Fonseca.

„Reyndar hef ég óskað eftir því, ef það er tækifæri til þess að skoða þessi gögn, Panamaskjölin, hvort slíkt sé. Það er mjög mikilvægt að fá það fram,“ segir Gylfi sem kveðst hafa sett þessa ósk fram við fyrirtækið Reykjavík Media sem hefur gögnin í sínum höndum og vann umfjöllunina sem flutt var í Kastljósi á sunnudag.




Forsætisráðherra í viðtali við sænska sjónvarpið sem sýnt var í Kastljósi á sunnudaginn. MYND/RÚV

Aðalsteinn Kjartansson, blaðamaður hjá Reykjavik Media, segir fjölmargar beiðnir um upplýsingar úr Panama-skjölunum hafa borist til Reykjavik Media.

„Við höfum fengið gríðarlega mikið af fyrirspurnum um hvort við getum flett upp hinu og þessu en við bara getum ekki gert það, megum það ekki samkvæmt samkomulagi við ICIJ [Alþjóðleg samtök rannsóknarblaðamanna] sem er með forræði yfir gögnunum,“ útskýrir Aðalsteinn.

Fréttablaðið óskaði í gær eftir því við aðstoðarmenn forsætisráðherra og upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar að ráðherrann upplýsti um hvaða verkalýðsfélög hefðu tengsl við aflandsfélög og um hvaða verkalýðsfélög og aflandsfélög væri að ræða og hver tengslin væru. Svar barst ekki en af orðum Sigmundar í umræðum á Alþingi í gær mátti ráða að hann hafi í raun jafnvel átt við lífeyrissjóði þegar hann nefndi verkalýðsfélög. gar@frettabladid.is




# NÝR FORD FIESTA

Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Ferðafjör Ford**

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

*Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.*

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

**Upplifðu frábæra akstursgeiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# PANAMA-SKJÖLIN



Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar, horfir niður til mótmælenda í gegnum útataðan glugga Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hlýðir á gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðu. Hann fór af Alþingi eftir að umræðum lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Mótmælandi með forsíðu mánudagsblaðs Fréttablaðsins, Hvað nú Sigmundur? FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krafinn afsagnar

Mikill mannfjöldi kom saman við Alþingishúsið til að mótmæla í gær. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segist ekki hafa séð annan eins mannfjölda. Fleiri hafi verið samankomnir á Austurvelli en voru þar til að mótmæla í hruninu. Á Alþingi sótti stjórnarandstaða að forsætisráðherra og krafðist afsagnar hans.



Töluverður viðbúnaður var vegna mótmælanna sem boðuð voru á Austurvelli í gær. Mótmælin eru einhver þau fjölmennustu sem þar hafa farið fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Mótmælendur lýstu ríkisstjórnina vanhæfa og gerðu margir kröfu um afsögn forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Opið á Eignamiðlun til kl. 20 í kvöld



# Hrólfsskálamelur 1–5, Seltjarnarnesi

34 nýjar vandaðar íbúðir í lyftuhúsi.

Við bjóðum þér á kynningu um Hrólfsskálamel 1–5 á skrifstofu Eignamiðlunar á Grensásvegi 11.

Opið verður hjá okkur til 20 í kvöld þriðjudag.

Líttu við hjá okkur og fáðu ítarleg kynningargögn.





- 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir.
- Stærð frá 73 fm upp í 212 fm.
- Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðunum.
- Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn.
- Skóli og leikskóli í göngufæri.
- Örstutt í þjónustu m.a. í verslanir, heilsurækt og sundlaug.
- Vandaðar innréttingar hannaðar af Berglindi Berndsen og Helgu Sigurbjarnadóttur.
- Frábær staðsetning.

Nánari upplýsingar veita:



Magnea S. Sverrisdóttir,
MBA, löggiltur fasteignasali
S: 861 8511
magnea@eignamidlun.is



Reynir Björnsson,
hagfræðingur,
löggiltur fasteignasali
S: 895 8321
reynir@eignamidlun.is



Þórarinn M. Friðgeirsson,
löggiltur fasteignasali
S: 899 1882
thorarinn@eignamidlun.is



Sverrir Kristinsson,
framkvæmdastjóri,
löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is

**EIGNAMIÐLUN**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

# Vilja herða reglur um gjaldfrjáls bílastæði

**SAMGÖNGUR** Bílastæðanefnd leggur til að færa mörk koldíoxíðs, sem heimila fólki að leggja endurgjaldslaust í gjaldskyld bílastæði við götur Reykjavíkur, niður úr hundrað grömmum af koldíoxíði á kílómetra í blönduðum akstri í fimmtíu grömm (tengiltvinnbifreiðar) á næsta ári. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), undrast að bílastæðanefnd vilji fara svona bratt í takmarkanir.

Fjöldi bifreiðaeigenda hefur fengið afhentar skífur fyrir visthæfar bifreiðar frá Bílastæðasjóði Reykjavíkur. Á síðasta ári voru afhentar um tvö þúsund skífur og á fyrstu tveimur mánuðum ársins höfðu verið afhentar þúsund skífur. Í ljósi þessa telur bílastæðanefnd því tímabært að þrengja reglur til að hvetja borgarbúa til að draga enn frekar úr mengun með visthæfum samgöngum. Í nýrri tillögu er einungis gert ráð fyrir að bifreiðar sem ganga fyrir rafmagni að öllu leyti eða að hluta, metanbifreiðar og vetnisbifreiðar fái gjaldfrjáls stæði. Skráð eigin þyngd bifreiða með rafgeymi/brunahreyfli, sem gefa frá sér minna en 50 grömm af koldíoxíði per kílómetra, mun þurfa að vera minni en 1.600 kg í stað 1.800 kg.

> Það má ekki gleyma því að fjöldi einstaklinga er búinn að fjárfesta í ökutækjum sem nýta eldsneyti vel og uppfylla þessi markmið um að geta lagt endurgjaldslaust í stæði.



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

„Mér kemur í opna skjöldu að svo bratt skuli farið í þetta. Þetta verður mikil skerðing, ég hefði haldið að menn gerðu þetta í áföngum yfir lengri tíma. Það má ekki gleyma því að fjöldi einstaklinga er búinn að fjárfesta í ökutækjum sem nýta eldsneyti vel og uppfylla þessi markmið um að geta lagt endurgjaldslaust í stæði, þannig að þetta getur breytt forsendum hjá fólki,“ segir Runólfur Ólafsson. – **sg**

# Panama-skjölin skekja alþjóðasamfélagið

**Nöfn forseta Úkraínu og Rússlands koma fyrir í Panama-skjölunum. Mál þeirra valda titringi í heimalöndunum. Aðrir þjóðhöfðingjar sem nefndir eru á nafn neita sök. Frakklandsforseti fagnar lekanum.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**PANAMA** Nöfn margra þjóðhöfðingja og vandamanna þeirra má finna í Panama-skjölunum, skjölum um starfsemi panömsku lögmannsstofunnar Mossack Fonseca. Mál þeirra hafa því vakið mikla athygli í alþjóðasamfélaginu og hafa stærstu fjölmiðlar heims gert málum þeirra góð skil. Fyrir utan Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur einna helst verið fjallað um Petró Porosjenkó, forseta Úkraínu, og Vladimír Pútín, forseta Rússlands. Báðir neita þeir því að hafa gert nokkuð rangt.

Fjölmiðlar á borð við BBC og The Guardian hafa sagt frá meintu peningaþvætti Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta. Pútín er sagður hafa fengið æskuvini sína, Sergei Roldugin og Júrí Kovaltsjúk, til að þvætta fyrir sig allt að tvo milljarða Bandaríkjadala.

Dmitry Peskov, talsmaður forsetaembættisins, segir ásakanirnar tilhæfulausar og sagði alþjóðasamfélagið haldið Pútínfælni. „Þessi Pútínfælni erlendis hefur náð því stigi að það er orðið tabú að segja nokkuð gott um Rússland, gjörðir þess eða afrek. Hins vegar er nauðsynlegt að tala illa um Rússland, mjög illa. Þegar ekkert illt er að segja er síðan nauðsynlegt að skálda það. Þetta sýnast okkur augljós sannindi.“

### Súkkulaðið flutt í stríði

Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, færði eignarhaldsfélag sælgætisverksmiðju sinnar, Roshen, til Bresku jómfrúaeyja þann 21. ágúst árið 2014. Á þeim tíma var mikill hiti í átökum Úkraínuhers við rússneska aðskilnaðarsinna og höfðu þúsund manns látið lífið í orrustu aðeins degi fyrr.

Úkraínskir þingmenn þjörmuðu að forsetanum í gær og kölluðu eftir óháðri rannsókn. Porosjenkó neitar hins vegar að hafa svikið undan skatti. „Ég held að ég sé fyrsti þjóðhöfðingi Úkraínu sem tekur skráningu eigna, greiðslu skatta og hagsmunaskráningu alvarlega og geri það samkvæmt úkraínskum lögum og alþjóðalögum.“




**Skilti á húsnæði lögmannsstofunnar Mossack Fonseca í Panama.** NORDICPHOTOS/AFP

## Panama-skjölin í tölum

**11.500.000** skjöl voru í lekanum

**214.000** aflandsfélög má finna í skjölunum

**140 stjórnmálamenn** eru nefndir í skjölunum

**12** núverandi eða fyrrverandi þjóðhöfðingjar eru nefndir á nafn

> Þessi Pútínfælni erlendis hefur náð því stigi að það er orðið tabú að segja nokkuð gott um Rússland, gjörðir þess eða afrek. Hins vegar er nauðsynlegt að tala illa um Rússland, mjög illa.

Dmitry Peskov, talsmaður forsetaembættisins í Rússlandi

### Allir neita sök

Fjölmargir aðrir hafa komið við sögu og hafa þeir sem hafa tjáð sig neitað sök. Einn þeirra er Ian Cameron, faðir Davids Cameron, forsætisráðherra Breta. Hann er sagður hafa svikið undan skatti með aflandsfélagi á Bahamaeyjum. Talsmaður forsætisráðherrans sagði málið hins vegar einkamál þegar BBC innti hana eftir svörum.

Einnig hafa níu háttsettir meðlimir Kommúnistaflokks Kína verið bendlaðir við eigu aflandsfélaga, meðal annars forsetinn, Xi Jinping. Stærstu fjölmiðlar Kína, sem eru í ríkiseigu, hafa ekkert fjallað um skjölin.

### Skjölunum fagnað

François Hollande Frakklandsforseti tók skjölunum fagnandi. „Ég get ábyrgst það að um leið og upplýsingar berast munum við rannsaka þær. Dómsmál verða höfðuð og réttarhöld haldin.“ Þá sagði hann skjölin frönsku samfélagi til framdráttar.

Þá kallaði Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, eftir strangari löggjöf um skattaskjól innan Evrópusambandsins. „Við getum nýtt okkur þennan meðbyr og vonað að strangari reglugerðir verði settar.“

## Viðbrögð við Panama-skjölunum



Ég held að ég sé fyrsti þjóðhöfðingi Úkraínu sem tekur skráningu eigna, greiðslu skatta og hagsmunaskráningu alvarlega og geri það samkvæmt úkraínskum lögum og alþjóðalögum.
***Petró Porosjenkó**, forseti Úkraínu*



Þessi Pútínfælni erlendis hefur náð því stigi að það er orðið tabú að segja nokkuð gott um Rússland, gjörðir þess eða afrek. Hins vegar er nauðsynlegt að tala illa um Rússland, mjög illa. Þegar ekkert illt er að segja er síðan nauðsynlegt að skálda það. Þetta sýnast okkur augljós sannindi.
***Dmitry Peskov**, talsmaður Rússlandsforseta*



Ég get ábyrgst það að um leið og upplýsingar berast munum við rannsaka þær. Dómsmál verða höfðuð og réttarhöld haldin.
***François Hollande** Frakklandsforseti*




# Gildi – lífeyrissjóður
*Ársfundur 2016*

*Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 14. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Erindi tryggingafræðings sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

*Reykjavík, 4. apríl 2016.*
Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs.

GILDI
Lífeyrissjóður www.gildi.is




# HOLI-HÁTÍÐ

## GLEÐI, LITIR OG DÁSAMLEGUR MATUR

**Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi frá 17. mars til 24. apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI hátíðarmatseðli á frábæru verði: 5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.- sun.**

**Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.**
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

Fimm rétta HOLI hátíðarmatseðill

*FORRÉTTUR*

**Malabar Coconut Masala Prawn**
*Pönnusteiktar risarækjur með kókosflögum, karrýlaufum, sinnepsfræjum og túrmerik*

*AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marinerað í kúmmíni, engiferi og garam masala. Grillað í Tandoori-ofninum*
*og*
**Murgh Khalmi Tikka**
*Kjúklingabringur marineraðar í kóríander, hvítlauk, grænu chillí, kasjúhnetum og kjúklingabaunum. Grillaðar í Tandoori-ofninum*
*og*
**Aloo Dum Jeera**
*Hægeldaðar kartöflur í ljúfri sósu með tómötum, lauk, kasjúhnetum og kúmmíni*

*MEÐLÆTI*

*Blanda af Naan-brauði, Raitha jógúrtsósa og Basmati-hrísgrjón*

*EFTIRRÉTTUR*

**Halu Holige**
*Heimalagaður ís borinn fram á klatta með kókossósu*
*Eftirlæti frá kaffiplantekrunum í Coorg á Suður-Indlandi.*

*5.990 kr. mán.-mið.*
*6.990 kr. fim.-sun.*









# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: s. 552 1630** Hverfisgötu 56 Opið: Sun - Fim 17:30 - 22:00 og Fös - Lau 17:30 - 23:00

# Tilgangur afsagnar



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Alvarlegur galli á íslenskri stjórnmálamenningu er að stjórnmálamenn persónugera afsögn úr embætti og líta á hana sem einhvers konar viðurkenningu á eigin mistökum fremur en úrræði til að standa vörð um trúverðugleika stofnunar eða embættis og til að tryggja vinnufrið.

Frá upphafi heimastjórnar 1904 hafa sex ráðherrar sagt af sér vegna ádeilu á embættisfærslur þeirra eða annarrar háttsemi utan starfs en aðeins fjórir á lýðveldistímanum. Því er óhætt að segja að afar fátítt sé að ráðherrar segi af sér vegna opinberrar gagnrýni. Björg Thorarensen lagaprófessor segir í riti sínu Stjórnskipunarréttur – undirstöður og handhafar ríkisvalds, að stjórnmálamynstrið hér sé nokkuð frábrugðið því sem hefur tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Þessi aðstaða skýrist að nokkru leyti af því einkenni íslenskra ríkisstjórna að þær njóta að jafnaði stuðning sterks meirihluta þingsins. Svo lengi sem ráðherra njóti trausts þeirra flokka sem standi að ríkisstjórn virðist mikið þurfa að koma til svo að hann segi af sér embætti. Björg segir að verði ráðherra grunaður um afbrot, spillingu eða gróft brot á siðareglum í embættisfærslum sé ríkari ástæða til að hann segir af sér embætti. Þetta sé háð pólitísku mati á hverjum tíma.

Hér segja menn ekki af sér fyrr en það er næstum því búið að þvinga þá til afsagnar og þarf mjög mikið að hafa gerst áður en menn íhuga á annað borð afsögn. Nærtækt dæmi er mál Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra. Ef hún hefði stigið til hliðar á fyrstu stigum lekamálsins í stað þess að þvælast fyrir lögreglurannsókn á lekanum með beinum og óbeinum afskiptum af rannsókninni, þá væri hún ef til vill enn í ráðherraembætti í dag. Lögreglan hefði fengið frið til að sinna rannsókninni og brotið, sem var hjá aðstoðarmanni hennar, hefði verið upplýst og málið á endanum sent í ákærumeðferð. Í staðinn flækti hún sjálfa sig dýpra inn í málið og ráðuneyti hennar varð næstum því óstarfhæft í níu mánuði vegna pólitísks þrýstings og umdeildrar stöðu hennar sjálfrar.

Í flestum stærstu fjölmiðlum heims hefur verið sýnt myndband af því þegar forsætisráðherra segir ósatt um félagið Wintris Inc. og gengur síðan á dyr. Mörgum spurningum er ósvarað. Ekki liggur fyrir hvort staðhæfingar hans um skattgreiðslur vegna Wintris séu réttar. Þá hafa engar skýringar komið fram á því hvers vegna ráðherra seldi hlut sinn í félaginu á einn dollara í lok árs 2009. Í ljósi viðbragða forsætisráðherra við umfjöllun Kastljóss um aflandsfélög verður að teljast ósennilegt að hann segi af sér. Hann, líkt og aðrir íslenskir stjórnmálamenn, virðist líta á það sem pólitískan ósigur að yfirgefa embætti fremur en að líta á afsögnina sem tæki til að standa vörð um traust í garð embættisins og til að tryggja vinnufrið í því ráðuneyti sem hann stýrir.

**Hér segja menn ekki af sér fyrr en það er næstum því búið að þvinga þá til afsagnar og þarf mjög mikið að hafa gerst áður en menn íhuga á annað borð afsögn.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Sniðganga RÚV**

Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra var bjargað af þjöllunni, eins og stundum er sagt, undir lok Íslands í dag í gær þegar hann komst hjá því að svara hvers vegna hann hafði sniðgengið Ríkisútvarpið algjörlega um nokkra hríð. Svarið sem hann gaf við spurningu ritstjóra þáttarins, Andra Ólafssonar, var svo loðið að ekki gafst tími til að endurtaka hana. Ríkisútvarpið hefur raunar sent ítrekaðar beiðnir um viðtal við ráðherrann, jafnvel oft á dag, síðustu misseri en án árangurs. Það var svo í gær sem hann sté upp úr fýlunni og veitti fréttastofu viðtal enda að há algjöra varnarbaráttu um pólitískt líf sitt. Á dagskrá það kvöldið voru líka þættirnir Spilaborg og Kókó: Górillan sem talar við fólk.

**Einmana forseti**

Í gær, á meðan allir þingmenn þeyttust á milli þingfunda, stóð yfir opinber heimsókn forseta þjóðþings Kýpur. Þetta er líklega verst tímasetta heimsókn kjörins fulltrúa skattaskjóls sem um getur. Ólíklegt verður að teljast að nokkur hafi gefið sér tíma til að ræða við manninn en höfundur þessa dálks vonar að hann hafi þó notið lífsins á vordægrum í Reykjavík. Fengið sér eina með öllu og kynnt sér skattarétt á Íslandi.

snaeros@frettabladid.is

# Hvert stefnir?



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

Stjórnmálamönnum ber að að halda trúnaði við umbjóðendur sína og samfélagið og nú hafa nokkrir þeirra brugðist traustinu – einn þeirra sýnu verst og mest. Nokkrar misvænlegar leiðir eru færar til að lágmarka skaðann, hér innanlands jafnt sem utan landsins – þá gildir að yfirvegun og sanngirni ráði.

Ég skora á allt frjálslynt og félagslega sinnað fólk að ná sem mestri samstöðu þar um. Það tekur töluverðan tíma – jafnvel allmörg ár – að rétta kúrsinn af og þoka samfélaginu til margaukins jöfnuðar og minni (geldrar) markaðshyggju – hvað þá sjálfbærni sem framtíðin veltur á.

**Alþýða manna á betra skilið**

Alþýða manna – allir þeir sem vinna eða þjóna fyrir sér og sínum í sveita síns andlits – á annað og betra skilið en 607 aflandsmenn, auk bankstera, fjárglæframanna og hönnuða kollsteypunnar 2008. Fjöldinn ber auðvitað ábyrgð á eigin framtíð og verður að finna henni leið um fulltrúalýðræði og með samræðu.

Á Íslandi er stjórnkerfi sem nefnist þingbundið lýðræði enn við lýði og ekkert sólóútspil einstaklinga á að vera í boði – einhvers konar gerræði sem á að bjarga málum. Heldur ekki stjórnlaus reiði stórra hópa. Munum líka að bak við einstaklinga eru jafnan fjölskyldur, vinir og samstarfsmenn sem geta harmað atburðarásir og hafa lítt eða ekkert með þær að gera. Mannúð kostar umhugsun.

**Styrkur frjálsrar upplýsingamiðlunar**

Að þessu sinni sýndu íslenskir og alþjóðlegir fjölmiðlar styrk frjálsrar upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta og ber að þakka það – um leið og við höfnum síendurteknum tilraunum til að sverta þá með ásökunum um sviðsettar og tilhæfulausar árásir á stjórnmálamenn. Rökstudd gagnrýni er góð en hana sjáum við allt of sjaldan.

Í annað sinn á einum áratug hriktir í samfélaginu svo um munar. Erum við mannskapur til að fást við það svo vel fari?

**Að þessu sinni sýndu íslenskir og alþjóðlegir fjölmiðlar styrk frjálsrar upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta og ber að þakka það.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um fátækt stjórnmálamanna



Ásta Guðrún Helgadóttir
þingmaður Pírata

Það hefur borið á góma í umræðunni undanfarna daga að það eigi að teljast vera kostur að stjórnmálamenn séu fjár síns ráðandi, engum fjárhagslega háðir og í rauninni sé betra að eiga ríka stjórnmálamenn til að stjórna landinu fremur en efnaminni. Jafnvel hefur umræðan gengið svo langt að halda því fram að hæfni til að stunda stjórnmál og fjárhagslegt sjálfstæði haldist í hendur. Það er hinsvegar gömul speki og ný, að margur verður af aurum api.

Við búum í samfélagi þar sem forsætisráðherra og frú eiga félög með fleiri milljónum inni á bankareikningum heldur en meðal Íslendingur nær að safna sér á einni ævi. Þar að auki á þetta félag einnig kröfur á sömu þrotabú og hæstvirtur forsætisráðherra var í forystu fyrir að semja við undanfarin ár.

Fjármálaráðherra á líka óvart og óvænt eitthvert fyrirtæki á Seychelles-eyjum, eða í Lúxemborg, eða einhvers staðar. Það fyrirtæki er víst búið að gera upp, með tapi, en hver veit. Eitthvað svipað var uppi á teningnum hjá fleiri aðilum í íslenskum stjórnmálum.

Það er í sjálfu sér ekkert að því að vera ríkur einstaklingur og í stjórnmálum. En það er eitt að vera vel stæður og annað að kunna ekki aura sinna tal, eða vita ekki hvar félög sín eiga heima, það er eitthvað annað og meira en að vera bara fjár síns ráðandi.

**Samfélagslegt rof**

Stjórnmálamenn, ekki síst þingmenn og ráðherrar, eiga að vera hluti af samfélaginu eins og við þekkjum það. Það virðist vera menningarlegt og samfélagslegt rof milli sumra háttsettra íslenskra stjórnmálamanna og hins almenna Íslendings.

Það að eiga ekkert er ekki slæmt. Það er bara eins og það er, og gerir engan að verri stjórnmálamanni. Að kaupa fötin sín á flóamarkaði eða að hafa aldrei flogið á Saga Class gerir engan mann óhæfan til þess að taka þátt í stjórnmálum. Þeir sem halda uppi þeirri orðræðu að ríkidæmi fari vel með stjórnmálastarfi láta það líta út að efnaminni einstaklingar búi við skertari siðferðiskennd en aðrir.



**Að praktísera pólitíska ábyrgð hefur ekki fengið brautargengi í íslenskum stjórnmálum. Það, umfram allt annað, er fátækt íslenskra stjórnmálamanna.**

**Auðvaldsstjórn, ekki lýðræði**

Ástæðan fyrir því að við viljum að þjóðkjörnir einstaklingar hafi það ágætt á meðan þeir gegna embætti, er einmitt að það þarf að vera á allra færi að taka þátt. Að búa til lög og stjórna landinu er ekki einkamál hinna ríku. Það á ekki að vera forsenda til þátttöku í lýðræðissamfélagi að vera vellauðugur. Samfélag sem er stýrt af hinum ríku og samkvæmt hagsmunum þeirra er auðvaldsstjórn, ekki lýðræði. Lýðræðissamfélag reynir að gera öllum kleift að taka þátt og setja alla aðila við sama borð þar sem það er hagur okkar allra sem ber að vinna að.

Fátækt stjórnmálamanna verður ekki í aurum talin. Fátækt stjórnmálamanna á Íslandi snýr að því að það er þeim erfitt, jafnvel dýrt eða ómögulegt, að taka sjálfstæða ákvörðun og gera það sem er siðferðislega rétt á hverjum tíma. Það er auðveldara að sitja hjá og kóa með.

Að praktísera pólitíska ábyrgð hefur ekki fengið brautargengi í íslenskum stjórnmálum. Það, umfram allt annað, er fátækt íslenskra stjórnmálamanna.

# Hvað þykistu vera að reyna að segja, Ögmundur?



Þorvaldur Þorvaldsson
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

Nú 1. apríl birti Ögmundur Jónasson grein í Fréttablaðinu um að endurnýja þurfi vinstristefnuna þar sem vinstrimenn hafi „glatað tiltrú vegna þess að sjálfir hafi þeir misst trú á eigin lausnum“. Tali nú hver fyrir sig.

Auðvitað má taka undir ýmislegt sem kemur fram í greininni, sérstaklega ef það væri ekki svona óljóst og almennt orðað. T.d. um nauðsyn þess að stofna samfélagsbanka (hvað sem það er nú), snúa við markaðsvæðingu orkufyrirtækja, hætta að rukka sjúklinga, framfylgja félagslega ábyrgri stefnu og hætta að láta glepjast af tálsýnum peningahyggjunnar, o.s.frv.

**Uppgjör við fortíðina**

Ef Ögmundur ætlar að lyfta sér upp fyrir froðusnakk og lýðskrum verður hann að nálgast veruleikann og svara nokkrum spurningum um það hvers vegna hann framkvæmdi á síðasta kjörtímabili stefnu sem er öndverð við það sem hann boðar nú. Hann dró hvergi af sér við að rukka sjúklinga meira en nokkru sinni fyrr, tók þátt í að færa auðstéttinni banka, tryggingafélög og fleiri fjármálastofnanir á silfurfati til að halda áfram að féfletta alþýðuna. Einkavæðing orkufyrirtækja tók kipp og tálsýnir peningahyggjunnar voru alls ráðandi hjá forystu VG.

Ögmundur verður líka að svara því af hverju hann, eins og aðrir forystumenn flokksins, skelltu skollaeyrum við málflutningi í takt við þann sem hann hefur í frammi nú. Er þetta bara stjórnarandstöðustefna og önnur í gildi þegar flokkurinn er í stjórn? Eða varð Ögmundur fyrir vitrun? Það er ekki þannig að auðstéttin sé nú eina ferðina enn að koma samfélaginu undir hæl sinn. Þannig hefur það verið lengi og óslitið, og Ögmundur er hluti af þeim hæl þegar á þarf að halda.

**Hvað með veruleikann?**

Ef Ögmundur ætlar að verða marktækur verður hann líka að eiga samtal við aðra, ekki síst þá sem óslitið hafa framfylgt þeirri stefnu sem hann þykist nú boða. Það er óþarfi að vera alltaf að byrja upp á nýtt þegar til er flokkur sem byggir á því besta úr sögu og reynslu verkalýðssamtaka og -flokka frá öndverðu og hefur fulla trú á eigin lausnum. Ögmundi er auðvitað frjálst að nota stefnuskrá Alþýðufylkingarinnar, sérstaklega ef hann ætlar að koma henni í framkvæmd. En hún er ekki til frjálsra afnota í lýðskrumstilgangi.

Umrædd grein Ögmundar er í stíl við greinar nokkurra annarra úr VG að undanförnu. Þær bera með sér áform um að þurrka heilt kjörtímabil út úr sögunni og reyna að skapa sér róttækari ímynd eins og ekkert hafi í skorist í trausti gleymskunnar. Það getur hins vegar aldrei orðið trúverðugt. Vinstrafólk sem í sannleika vill hefja vinstristefnuna til vegs á ný verður að gera upp við sig hvort það vill á ný eyða áratug í að hnoða VG inn í ráðuneytin til þess eins að valda sömu vonbrigðum og 2009. Endurreisn vinstristefnu á Íslandi er óhugsandi án aðkomu Alþýðufylkingarinnar. Ímynd byggð á froðusnakki mun engu breyta.

**Endurreisn vinstri stefnu á Íslandi er óhugsandi án aðkomu Alþýðufylkingarinnar. Ímynd byggð á froðusnakki mun engu breyta.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



## Aðalfundur Lífsverks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík – **Þriðjudaginn 19. apríl kl. 17:00**

**Dagskrá fundar:**

- **Hefðbundin aðalfundarstörf**
- **Niðurstaða rafræns stjórnarkjörs**
- **Tillögur til breytinga á samþykktum**
- **Önnur mál, löglega upp borin**

Tillögur til breytinga á samþykktum eru aðgengilegar á sjóðfélagavefnum og á skrifstofu sjóðsins.

**Rafrænt stjórnarkjör 11. til 15. apríl**

Rafrænt stjórnarkjör fer fram á sjóðfélagavefnum dagana 11. – 15. apríl. Kosið er um einn stjórnarmann til þriggja ára. Í framboði eru Björn Ágúst Björnsson og Sverrir Bollason. Kynning frambjóðenda er á vefsvæði sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér kosningarétt sinn.

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

**Ávöxtun 2015:**




**Um Lífsverk lífeyrissjóð:**

Lífsverk lífeyrissjóður rekur samtryggingardeild og séreignardeild. Samtryggingardeild er opin háskólamenntuðum sérfræðingum en allir geta greitt til séreignardeilda sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a. sjóðfélagalýðræði, rafrænt stjórnarkjör, góð réttindaávinnsla og hagstæð sjóðfélagalán. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2015 var samtals 66,3 milljarðar kr. og hækkaði um 8,7 milljarða kr. á árinu. Í árslok 2015 var heildartryggingafræðileg staða jákvæð um 2,6%. *Nánari upplýsingar á www.lifsverk.is.*

LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR

# #Endósaganmín



**Silja Ástþórsdóttir**
formaður Samtaka um endómetríósu

- Að vera sett á pilluna sextán ára eftir að það leið yfir mig af tíðaverkjum á stoppistöðinni við MH.
- Að fara til kvensjúkdómalæknis sem sagði að ég væri bara ein af þessum óheppnu.
- Að gráta af kvölum.
- Að fara í opna kviðarholsaðgerð og halda í framhaldinu að ég sé læknuð.
- Að hætta í námi af því ég er svo orkulítil.
- Að fara í bráðaverkjakasti með sjúkrabíl á bráðamóttökuna en fá enga verkjastillingu.
- Að missa vinkonur og hitta ekki fjölskylduna af því ég hef ekki orku til þess.
- Að vera spurð að því af hverju ég láti ekki bara taka úr mér legið.
- Að vera sagt upp vinnunni vegna fjarvista.
- Að fara í misheppnaðar glasameðferðir.
- Að vinna hlutastarf í mörg ár af því ég get ekki meir.
- Að fara í tvær aðgerðir til viðbótar.
- Að vera á hormónalyfjum í mörg ár sem halda niðri blæðingum þannig að verkirnir skána.
- Að fara í síðustu glasameðferðina og vera sagt þar sem ég ligg á bekknum, að ég verði bara að fara í gjafaeggjameðferð í sama orðinu og mér er tilkynnt að engin egg hafi náðst.
- Að fara í rannsókn á frjósemisstofu í Bretlandi sem staðfestir að ég er með ónæmisgalla sem hefði aldrei gert mér kleift að halda fóstri.
- Að lesa sér til, breyta mataræðinu, leita til sérfræðinga og fá í kjölfarið yfirsýn yfir mína heilsu og hvaða úrræði ég þarf.
- Að finna frábæran kvensjúkdómalækni.
- Að fá betri heilsu.
- Að starfa fyrir Samtök um endómetríósu og styrkja systraböndin.

**Enn eimir eftir af samfélagslegum þrýstingi um að ræða ekki blæðingar og konum t.d. sagt að þær eigi ekki að deila upplýsingum um sjúkdóminn á Facebook, það sé svo ógeðslegt, eins og fram kom í nýlegri athugasemd.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Tíu ára starf

Samtök um endómetríósu voru stofnuð árið 2006 og eiga tíu ára afmæli á þessu ári. Síðan þau voru stofnuð hefur ýmislegt breyst til batnaðar. Fleiri kannast við sjúkdóminn endómetríósu og fleiri konur eru reiðubúnar að tjá sig opinberlega um hann. Vísbendingar eru um að greiningartíminn sé að styttast.

Samt er enn svo langt í land. Enn glíma margar konur með endómetríósu við skilnings- og þjónustuleysi samhliða því að lifa með flóknum sjúkdómi. Enn eru konur ítrekað spurðar af heilbrigðisstarfsfólki hvort þetta sé ekki bara botnlanginn, sagt að þetta sé bara svona slæm hægðatregða eða að þetta sé eingöngu þeirra ímyndun. Enn eimir eftir af samfélagslegum þrýstingi um að ræða ekki blæðingar og konum er t.d. sagt að þær eigi ekki að deila upplýsingum um sjúkdóminn á Facebook, það sé svo ógeðslegt, eins og fram kom í nýlegri athugasemd.

En við þurfum einmitt nauðsynlega að ræða um endómetríósu og þar með blæðingar, til að þekking og skilningur á sjúkdómnum aukist og þá jafnframt til að þjónusta við konur með endómetríósu batni, greiningartími styttist og fjármagn til rannsókna aukist.

### Tölum um blæðingar

Við hjá Samtökum um endómetríósu biðjum um ykkar hjálp. Hjálpumst að við að rjúfa þögnina og segjum okkar sögur á samfélagsmiðlum undir #endósaganmín. Endósystur segið ykkar endósögur. Foreldrar, makar, vinir, segið ykkar sögur af því að elska konu með endómetríósu og hvaða áhrif það hefur haft á líf ykkar. Eftir því sem raddir okkar verða fleiri og háværari eykst skilningur á því hversu flókinn sjúkdómur endómetríósa getur verið. Þá förum við jafnvel að eygja möguleikann á stofnun göngudeildar fyrir konur með endómetríósu. Gerum göngudeild að okkar baráttumáli.

### 176 milljónir kvenna

Endómetríósa er arfgengur, krónískur móðurlífssjúkdómur. Talið er að um176 milljónir kvenna um heim allan hafi sjúkdóminn. Möguleg einkenni eru meðal annars sárir verkir við blæðingar, meltingarvandamál og sársauki við hægðalosun, sársauki við þvaglát, sársauki við kynlíf, ófrjósemi og síþreyta.

Vika endómetríósu stendur nú yfir og er Landspítalinn lýstur gulu, lit endómetríósu, af því tilefni.

*Endo.is, endo@endo.is*

Nýsköpunarþing
2016
Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum
Tækifæri í samvinnu?
Fimmtudaginn 7. apríl
8:30 - 11:00
Grand Hótel Reykjavík

Dagskrá:
- **Ávarp.** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- **Vísindin vekja viðskiptin.** Erna Sif Arnardóttir, PhD, forstöðumaður svefnmælinga LSH og Sveinbjörn Höskuldsson, þróunarstjóri Nox Medical.
- **Að leysa úr álinu.** Karl Ágúst Matthíasson, meðeigandi DTE og Gauti Höskuldsson, framkvæmdastjóri kerskála Norðuráls.
- **Jarðhiti í lykilhlutverki.** Valdimar Hafsteinsson, forstjóri Kjöríss og Sören Rosenkilde, eigandi og stofnandi Norðursalts.
- **Fljúgandi start.** Svavar Svavarsson, deildarstjóri viðskiptaþróunar HB Granda og Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku.
- **Pallborðsumræður.**
- **Tónlistaratriði.** Glowie.
- **Nýsköpunarverðlaun Íslands 2016** afhent.

Fundarstjóri er Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem mun einnig stýra pallborðsumræðum ásamt Helgu Valfells, framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs.

Húsið opnar klukkan 8:00 með morgunverði.

Skráning á *www.nmi.is* eða í síma 522-9000.

rannís · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND · NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

# Endurreisn fæðingarorlofsins



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður BHM

Lög um fæðingar- og foreldraorlof eru forsenda þess að hægt sé að kenna íslenskt samfélag og vinnumarkað við jafnrétti. Markmið laganna eru tvíþætt og þjóna hagsmunum barna og foreldra. Þau tryggja samvistir barna við foreldra sína í frumbernsku og þeim er ætlað að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði.

Nýverið skilaði nefnd um framtíðarskipan fæðingarorlofs niðurstöðu sinni til félags- og húsnæðismálaráðherra. Megintillögur nefndarinnar eru málamiðlun sem Bandalag háskólamanna styður í þeirri vissu að með henni séu stigin mikilvæg skref í þá átt að fæðingarorlofssjóður geti gegnt lögbundnu hlutverki sínu. En rétt er að gera grein fyrir athugasemdum sem fulltrúi BHM bókaði við niðurstöðu nefndarinnar.

### Jöfn skipting – hærri greiðslur

Við þá tillögu nefndarinnar að 12 mánaða fæðingarorlof skiptist þannig að 2 mánuðir séu millifæranlegir á milli foreldra (5+5+2=12) gerir BHM þá athugasemd að markmiði laganna um að jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði verði best náð með því að skipta fæðingarorlofinu jafnt á milli tveggja foreldra. Það hlýtur að vera langtímamarkmið löggjafans að svo verði, enda stuðlar það ekki að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði að mæður taki nær alltaf lengra orlof en feður.

Vegna tillögu um hækkun hámarksgreiðslunnar í 600 þúsund krónur á mánuði vill BHM benda á að nær hefði verið að sú tala miðaðist við verðgildi hámarksgreiðslunnar fyrir hrun, sem í dag væri á bilinu 8-900 þúsund krónur. Þá skal bent á að þak á hámarksgreiðslur úr sjóðnum skekkir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vinnur gegn markmiðum laganna. BHM er hins vegar ljóst að samstaða hefði ekki náðst um svo mikla hækkun að svo stöddu.

**Vegna tillögu um hækkun hámarksgreiðslunnar í 600 þúsund krónur á mánuði vill BHM benda á að nær hefði verið að sú tala miðaðist við verðgildi hámarksgreiðslunnar fyrir hrun, sem í dag væri á bilinu 8-900 þúsund krónur.**

### Fjármögnun með tryggingagjaldi

Í 4. gr. laga 95/2000 segir: Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Einnig er kveðið á um að ráðherra skuli gæta þess að sjóðurinn hafi nægt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar og leggja fjárhagsáætlun sjóðsins fram við gerð fjárlaga. Lögin eru skýr og aðlögun tryggingagjalds að breytingum á fæðingarorlofssjóði er ekki hægt að afgreiða sem einkamál félagsmálaráðherra og láta sem fyrirhugaðar breytingar séu ekki á ábyrgð ríkisstjórnarinnar í heild.

### Reynslan er góð

Að lokum er vert að geta alþjóðlegrar rannsóknar á vegum WHO um heilsu og lífskjör barna í 42 löndum. Rannsóknin nær til 11, 13 og 15 ára gamalla barna. Hóps sem hefur notið hefur breytingarinnar sem varð þegar feður fengu sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Hvergi mælast tengsl barna við feður sína eins jákvæð og á Íslandi. Niðurstaða sem sýnir svo ekki verður um villst að jafnrétti er allra hagur.



## SAMLOKURNAR OKKAR ERU BESTAR Í DAG.

Samlokurnar okkar eru gerðar í dag og eru þess vegna langbestar í dag. Gríptu daginn! Á morgun gerum við svo aðrar samlokur í staðinn, því ferskleikinn skiptir öllu máli.

SÓMI

Ferskt á hverjum degi



## Tvíframlengt í ótrúlegum körfuboltaleik í Vesturbænum



**Mögnuð átök** KR þurfti að fara í tvær framlengingar til þess að leggja Njarðvík að velli. Spennan var ívið meiri en gæðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Súrrealísk byrjun í Noregi

**Geir Sveinsson fékk eldskírn í sínum fyrsta leik sem landsliðsþjálfari er Íslendingar steinlágu gegn Norðmönnum í æfingaleik í Þrándheimi. Þjóðirnar mætast öðru sinni í dag.**

**HANDBOLTI** Eftir mikla óvissutíma spilaði íslenska karlalandsliðið gegn Noregi á sunnudag undir stjórn nýs landsliðsþjálfara, Geirs Sveinssonar. Undirbúningurinn var afar lítill – ein æfing á laugardagskvöld og það án nokkurra manna sem komu beint inn í leikinn á sunnudag.

Ísland byrjaði mjög illa í leiknum og var sex mörkum undir í hálfleik en náði að rétta úr kútnum í síðari hálfleik. Niðurstaðan var fjögurra marka tap, 29-25.

„Gærdagurinn færði okkur heilmiklar upplýsingar. En heilt yfir var þetta lélegt,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það kom kafli um miðjan fyrri hálfleikinn þar sem við köstuðum þessu frá okkur. Það var óþarfi.“

Eins og gefur að skilja hafði Geir ekki mikinn tíma til að leggjast yfir leik íslenska liðsins og gerir sér grein fyrir því að það er heilmikið verk fyrir höndum.

„Það er ekki í neikvæðri merkingu. Þó svo að ég hafi einhvern tímann þjálfað flesta þessa stráka þá þarf ég að kynnast þeim og þeir mér. Ég þarf að upplifa hvernig þeir eru sem leikmenn inni á vellinum og drengir utan hans. Ég þarf að skoða leik liðsins – hvað virkar og hvað ekki,“ segir þjálfarinn.

**Þurfum að koma vörninni í lag**

Veikleiki íslenska liðsins á EM í Póllandi var varnarleikurinn en Geir segir að það hafi verið byrjað að vinna í honum strax á fyrstu æfingu.

„En við vorum ekki komnir með alla leikmenn þá og þær breytingar sem við reyndum að gera á varnarleiknum á æfingunni skiluðu sér ekki nægilega vel í leiknum,“ segir Geir sem vill bæta leik liðsins almennt.

„Það voru líka brotalamir í sóknarleiknum eins og sást á leik okkar í gær. Almennt vill maður, þegar maður kemur inn í lið, bæta sem flesta þætti við leik liðsins en ég væri að ljúga ef ég segði að það væri allt í lagi með varnarleikinn okkar. Við þurfum að koma honum í lag og æfingin í morgun gekk öll út á það. Við erum því, eins og er, að einbeita okkur frekar að varnarleiknum en öðrum þáttum.“

**Nýta gæði leikmanna**

Ísland mætir Portúgal í undankeppni HM dagana 12. og 16. júní. Fram að því er hver æfing dýrmæt. Geir mun hafa þrjá æfingadaga hér á Íslandi í lok vikunnar en liðið kemur svo ekki aftur saman fyrr en 6. júní.

„Við verðum bara að gera það besta úr því sem við höfum. Við erum með leikmenn sem hafa gæði og nú er þetta bara spurning um hvernig okkur tekst að ná því besta úr þeim. Það er vinna okkar Óskars Bjarna [Óskarssonar, aðstoðarþjálfara],“ segir Geir.

> Gærdagurinn færði okkur heilmiklar upplýsingar. En heilt yfir var þetta lélegt.
>
> Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari



**Valdi hópinn áður en ég tók við**

Geir var þjálfari Magdeburg í Þýskalandi þar til 15. desember og var samningsbundinn liðinu fram í júní 2017. Eins og áður hefur komið fram hafði hann í hyggju að vera ekki í öðru starfi út samningstímann og „láta þá borga mér hverja einustu evru“, líkt og hann sagði í samtali við Fréttablaðið á föstudaginn. En þá kom HSÍ til sögunnar og síðan þá hefur mikið breyst hjá Geir.

„Þetta hefur verið hálf súrrealískt, síðustu dagar og vikur. Ég var í því fyrsta ekki 100 prósent viss um að þetta myndi ganga upp. Þannig að ég valdi þennan landsliðshóp sem ég vissi svo ekki hvort ég myndi á endanum stýra,“ sagði Geir.

„Það var ekki uppi á borðinu að ég myndi þjálfa aftur í nánustu framtíð en svo varð þetta staðreyndin og þá tekst maður á við það af heilindum.“

eirikur@365.is




**Domino's-deild karla**

**KR - Njarðvík 69-67**

**KR:** Michael Craion 27/16 fráköst/3 varin skot, Helgi Már Magnússon 13/7 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 7, Brynjar Þór Björnsson 7/8 fráköst, Pavel Ermolinskij 5/9 fráköst/6 stoðsendingar/3 varin skot, Björn Kristjánsson 5, Darri Hilmarsson 5/8 fráköst.

**Njarðvík:** Haukur Helgi Pálsson 26/15 fráköst/4 varin skot, Jeremy Atkinson 20/24 fráköst/6 stoðsendingar, Maciej Stanislav Baginski 7, Logi Gunnarsson 6, Oddur Rúnar Kristjánsson 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 2.

***Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir KR.***

Í EFSTA STYRKLEIKAFLOKKI Íslenska karlalandsliðið í handbolta verður í efsta styrkleikaflokki þegar dregið verður til undankeppni EM 2018 sem fram fer í Króatíu. Þetta kemur fram á heimasíðu EHF. Drátturinn fer fram í Dubrovnik í Króatíu 14. apríl en mótið sjálft fer fram dagana 12.-28. janúar 2018.



Dregið verður í sjö fjögurra liða riðla og hefst keppni í nóvember á þessu ári og lýkur í júní 2017. Tvö efstu lið hvers riðils komast á EM auk liðsins sem nær bestum árangri af þeim sem hafna í þriðja sæti.

Þökk sé fimmta sætinu sem strákarnir okkar náðu á EM 2014 í Danmörku eru þeir í efsta styrkleikaflokki sem fyrr segir og sleppa því að mæta þjóðum á borð við Frakklandi, Spáni, Danmörku, Póllandi, Þýskalandi og Svíþjóð.

> Hér á gólfinu í DHL lá hanski. @gummiben mætti að sjálfsögðu og sagði: „Ég skal taka upp hanskann fyrir ykkur.“
>
> Kjartan Atli Kjartansson
> @kjartansson4

ÓTTAR AFTUR Í VÍKINA Víkingum er að berast frekari liðsstyrkur fyrir komandi átök í Pepsi-deild karla í fótbolta. Unglingalandsliðsmaðurinn Óttar Magnús Karlsson er á heimleið eftir þrjú ár hjá Ajax í Hollandi og spilar með Víkingi í sumar.

Óttar, sem verður 19 ára gamall á árinu, er uppalinn hjá Víkingi en hann gekk í raðir Ajax sumarið 2013 og hefur þar verið í unglingaakademíu þess fornfræga hollenska risa.

Hann var undir lok síðasta árs lánaður til Spörtu í Rotterdam þar sem hann hefur spilað með varaliðinu. Ajax og Víkingur eru að ganga frá pappírsvinnu sín á milli áður en Óttar getur snúið heim.

Óttar Magnús er fastamaður í U19 ára landsliði Íslands, en hann á í heildina 24 landsleiki að baki fyrir yngri landslið Íslands.

„Ég þjálfaði Óttar í fjögur eða fimm ár áður en hann fór út þannig að ég veit alveg hvað hann getur. Hann getur orðið algjör framtíðarleikmaður fyrir Víking,“ segir Milos Milojevic, þjálfari Víkings, í samtali við íþróttadeild.

Óttar er stór og sterkur framherji sem getur leyst fleiri stöður fremst á vellinum. Hann hefur þó ekki enn spilað meistaraflokksleik á ferlinum og tekst því á við nýja áskorun hjá sínu uppeldisfélagi.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Bayern - Benfica | Sport 3 |
| 18.30 | Barcelona - Atletico | Sport |
| 19.10 | Haukar - Grindavík | Sport 2 |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
5. APRÍL 2016 ÞRIÐJUDAGUR



# TVÖ HYLKI Á DAG - FLOTT FÆÐUBÓT

Artasan kynnir. Ultimate Superfoods frá Natures Aid er fullkomin bætiefnablanda sem inniheldur 31 efni og getur því fullkomnað heilbrigt mataræði og gefið okkur góða orku. Efnin eru öll lífrænt vottuð og án auka- og fylliefna.

**TÍMASKORTUR OG NÆRINGARSNAUÐARI MATUR**

Í dagsins önn getur það verið þrautin þyngri að borða hollan og næringarríkan mat í öll mál. Tímaskortur er eitt af því sem fólk talar um en það tekur tíma að útbúa hollar máltíðir og sumir bera jafnvel fyrir sig kunnáttuleysi. Næringarinnihald matarins er heldur ekki alltaf jafn mikið og við reiknum með en mikið af grænmeti og ávöxtum er mun næringarsnauðara nú en fyrir 30-50 árum. Ástæðan er fyrst og fremst talin vera sú að tilraunir til endurbóta í ræktun (stærð, vaxtarhraði og ónæmi gegn meindýrum) hafa ekki aukið upptöku næringarefna í samræmi við vöxtinn á sama tíma og jarðvegurinn er orðinn næringarsnauðari vegna ofræktunar.

**OFURFÆÐISBLANDA Í SÉRFLOKKI**

Ultimate Superfoods hylkin frá Natures Aid eru hlaðin lífrænum jurtaefnum, sindurefnum (andoxurum), lífvirkum ensímum, vítamínum og steinefnum sem gerir þau að fullkominni bætiefnablöndu í hæsta gæðaflokki sem allir ættu að bæta í sína daglegu rútínu.

Það gæti ekki verið auðveldara að fylla á tankinn en að taka tvö hylki daglega en þetta eru efni sem allir ættu að taka til viðbótar við heilbrigt mataræði. Svona blanda getur gert gæfumuninn, hvort sem fólk telur sig borða hollan mat eða ekki.



**Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi.**

> Aðeins tvö hylki af Ultimate Superfoods blöndunni geta tryggt að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarfnast og þannig stuðlað að heilbrigðara lífi.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi




> Svona blanda getur gert gæfumuninn, hvort sem fólk telur sig borða hollan mat eða ekki.

**TRYGGÐU LÍKAMANUM GÓÐ NÆRINGAREFNI MEÐ ULTIMATE SUPERFOODS**

„Grundvöllur góðrar heilsu er að sofa vel, hreyfa sig og borða hollan mat og það er í raun ekkert sem kemur í staðinn fyrir það. Aðeins tvö hylki af Ultimate Superfoods blöndunni geta tryggt að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarfnast og þannig stuðlað að heilbrigðara lífi. Einnig er hægt að fá þessa ofurblöndu í duftformi til að setja í drykkinn, boostið, jógúrtið eða á grautinn,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

Natures Aid ofurfæðislínan er úrval af sérvöldum gæðaefnum víðsvegar að úr heiminum og eru þau öll lífrænt vottuð og án allra aukaefna.

**Sölustaðir: Ultimate Superfoods hylkin fást í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.**





# HÁTT HLUTFALL SVARAR EKKI MEÐFERÐ

**Dr. Þórhildur Halldórsdóttir** flytur fyrirlesturinn Fylgiraskanir: Gagnreynd meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga í Lögbergi á morgun. Fjallað verður um áhrif fylgiraskana á birtingarmynd geðraskana og virkni meðferðarúrræða. Helsta rannsóknarsvið Þórhildar snýr að meðferðarúrræðum fyrir börn og unglinga sem þjást af kvíða- og hegðunarröskunum.



**Dr. Þórhildur Halldórsdóttir**

„Ég hef lagt áherslu á fylgiraskanir, sem þýðir það að vera með fleiri en eina geðröskun. Meðal einstaklinga sem þjást af geðröskun er algengara að vera með fleiri en eina geðröskun. Þunglyndi og kvíði fara til dæmis oft saman. Það er einnig stórt hlutfall barna með kvíða og ADHD eða kvíða og mótþróaþrjóskuröskun. Mig langaði að skoða hvort fylgiraskanir hafi áhrif á árangur meðferðarúrræða,“ útskýrir Þórhildur Halldórsdóttir, doktor í barnasálfræði, en hún heldur hádegisfyrirlestur í Lögbergi á morgun, undir heitinu: Fylgiraskanir: Gagnreynd meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga.

Þórhildur segir rannsóknir sýna fram á að hátt hlutfall einstaklinga svari ekki meðferð þó gagnreynd meðferðarúrræði hafi verið þróuð fyrir helstu geðraskanir hjá börnum. Fylgiraskanir geti verið ein ástæðan.



**Rannsóknir sýna fram á að hátt hlutfall einstaklinga svarar ekki meðferð þó gagnreynd meðferðarúrræði hafi verið þróuð fyrir helstu geðraskanir hjá börnum. Fylgiraskanir geta verið ein ástæðan.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Það eru til rannsóknir sem sýna fram á þetta. Ég var sjálf hluti af stóru teymi sem sá um meðferð á fælni, sem er algengasta kvíðaröskunin meðal barna og varð vör við að mörg börn sem voru með ADHD ofan á fælnina svöruðu illa meðferðarúrræðum sem þó er búið að rannsaka og sýna fram á að virka vel. Það bendir til þess að eitthvað annað er í gangi sem þarf að skoða betur.“

Doktorsverkefni Þórhildar varð þróun á sérstakri meðferð fyrir börn með kvíða og ADHD.

„Ég tók úr meðferðarúrræðum beggja og sameinaði til að sjá hvort það virkaði betur fyrir þennan hóp. Niðurstaðan er sú að það gerir það að einhverju leyti. Börnin sýndu betri árangur en ella. Þetta þýðir að hægt er að beita meðferð sem tekur úr báðum gagnreyndum meðferðarúrræðum fyrir kvíðaraskanir og ADHD ef börn eru með fylgiraskanir og þá sést minnkun á einkennum beggja raskana eftir meðferðina. Svipaða sögu má finna í sumum öðrum geðröskunum en ég sá einnig um úrræði fyrir börn með mótþróaþrjóskuröskun. Gamlar kenningar segja að ekki sé hægt að vera með bæði mótþróaþrjóskuröskun og kvíða því kvíðinn myndi halda aftur af mótþróaþrjóskuröskunareinkennum. En nú sjáum við að þetta fer saman. Ég skoðaði hvort þetta hefði áhrif á meðferðarúrræði og það virðist ekki einfalt svar við því. Stundum hjálpar að barnið er með kvíða en stundum hefur það öfug áhrif. Þetta er mjög flókið en engu að síður mjög áhugavert að reyna að finna út hvað er í gangi.“

Hefur fjöldi barna með geðraskanir aukist?

„Um allan heim hefur greiningum fjölgað. Það sem fær mikla umfjöllun er hækkun greininga á ADHD og einhverfu og ég er oft spurð hvort verið sé að ofgreina eða ekki. Það spilar hins vegar margt inn í. Meðal annars höfum við miklu betri greiningartæki í dag og mun meiri fræðslu og þá eru kennarar og foreldrar meira vakandi fyrir því hvort eitthvað sé að og leita hjálpar. Þetta er af hinu góða að mínu mati,“ segir Þórhildur en bendir á að mikilvægt sé að gagnreyndum meðferðarúrræðum sé beitt á geðraskanir barna. Of mikið sé um að meðferðarúrræði, sem ekki eru studd af rannsóknum, séu notuð enn þann dag í dag. Hún mælir því með því að foreldrar kynni sér málin vel þegar leita þurfi til sálfræðings.

„Því miður er mikið af meðferðaraðilum sem eru ekki að nota bestu úrræðin. Þegar um kvíðaröskun og þunglyndi er að ræða eiga neytendur að biðja um að fá hugræna athyglismeðferð eða HAM, sérstaklega hjá börnum og unglingum. Þetta er meðferðaúrræði sem búið er að sýna fram á að virkar meðan á bak við mörg önnur meðferðarúrræði eru fáar og jafnvel engar rannsóknir. Því miður. Hér á landi er sem betur fer mikið af meðferðarstofnunum sem sérhæfa sig í HAM eins og Kvíðamiðstöðin og Þroska- og hegðunarmiðstöðin til dæmis og BUGL. Það er vakning í því að nota gagnreyndar aðferðir í dag, sem er gott.“

**heida@365.is**

**Fyrirlesturinn fer fram í stofu 103 í Lögbergi milli klukkan 12 og 13 á morgun.**






**Árið 2015 voru 60,8 lifandi fædd börn á hverjar þúsund konur á frjósemisaldri á Íslandi.**

# FÆÐINGARTÍÐNI ALDREI LÆGRI

Fæðingartíðni hefur aldrei verið lægri á Íslandi. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Talnabrunns, fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

Árið 2015 voru 60,8 lifandi fædd börn á hverjar þúsund konur á frjósemisaldri. Fæðingartíðni á Íslandi var nokkuð hærri áratuginn á undan og náði ákveðnum hápunkti árið 2009 þegar 74,5 lifandi börn fæddust fyrir hverjar 1.000 konur á aldrinum 15-44 ára. Þannig fæddust nærri þúsund fleiri börn árið 2009 en árið 2015. Þá hefur fæðingartíðni verið afar lág undanfarin ár í sögulegu samhengi því á árabilinu 1956–1960 fæddust yfir 140 lifandi börn árlega á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri.

Algengasti barneignaaldur kvenna árið 2015 var 25-29 ára, en konur á þessum aldri fæddu 1.324 börn sem er 32,3% af heildarfjölda fæddra barna það ár.

Fæðingartíðni í yngsta aldurshópnum 15-19 ára, hefur farið nokkuð lækkandi frá síðustu aldamótum. Einungis 2,1% fæðandi kvenna á Íslandi árið 2015 voru undir tvítugu, en 8 börn fæddust á hverjar 1.000 konur í þessum yngsta aldurshópi miðað við 23 börn um síðustu aldamót.

Langflestar fæðingar voru á Landspítala, eða ríflega 75%. Næstflestar á Sjúkrahúsinu á Akureyri, eða 9,4% fæðinga.

Heimafæðingum á Íslandi hefur fjölgað talsvert undanfarna tvo áratugi, en árið 1995 voru þær 8, eða 0,2% af heildarfjölda fæðinga. Árið 2015 voru þær 1,8%.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




# RISAHÆKKUN STÖÐUGJALDA VIÐ LEIFSSTÖÐ

## Bílastæðagjöld hækkuðu um 30 til 117 prósent. FÍB hefur bent á að hækkunin sé til að fjármagna bílastæði fyrir bílaleigur og kostnaðinum sé velt yfir á herðar íslenskra bifvélaeigenda.

FÍB hefur mótmælt mikilli hækkun á bílastæðagjöldum Isavia við Leifsstöð, en hækkunin gekk í gildi þann 1. apríl. Þá hækkuðu stöðugjöldin um 30-117 prósent og eru því órafjarri íslenskum efnahagsraunveruleika eins og hann er nú, segir í umfjöllun FÍB um málið. Á skammtímastæðum flugvallarins kostaði hver klukkutími 230 kr. en eftir hækkunina 500 krónur. Langtímastæðin kostuði 950 kr. fyrir hvern sólarhring en kosta nú 1.250 kr. Í umfjöllun FÍB í aðdraganda hækkunarinnar segir að hækkunin sé mjög ámælisverð fyrir ýmissa hluta sakir. Isavia, áður Flugmálastjórn, sé opinber stofnun og þar með í eigu og þjónustu íslensks almennings, en dulbúin sem opinbert hlutafélag, þ.e. fyrirtæki.

### Hækkun í stað lækkunar

Þetta fyrirkomulag veiti stjórnendum Isavia skjól til að ráðskast með almenningseign eins og Keflavíkurflugvöll og Leifsstöð nokkurn veginn að eigin geðþótta, að sögn FÍB. Isavia sé í raun einokunaraðili. Fyrirtækið ræður yfir bílastæðunum umhverfis flugstöðina og það ræður yfir flugstöðinni að vild sinni, hvaða þjónusta er veitt innan- og utandyra, hverjir veita hana og hvað hún kostar. Og nú hefur Isavia einu sinni enn ákveðið að hækka mjög bílastæðagjöldin enda þótt sókn í stæðin hafi stóraukist frá bankahruni og nýting þeirra stórlega batnað. Að öllu eðlilegu ætti það að hafa leitt til verðlækkunar en það sem almenn markaðslögmál ná sjaldnast yfir einokunaraðila þá stórhækkar Isavia bílastæðagjöldin aftur og aftur og skýrir það nú með kostnaði við nýframkvæmdir og endurbætur á bílastæðunum. Þær framkvæmdir felast aðallega í að sameina núverandi 300 starfsmannabílastæði almennum stæðum og gera ný stæði fyrir starfsfólkið annars staðar.

### Dulbúin hækkun til að byggja bílastæði fyrir bílaleigur

Upplýsingafulltrúi Isavia hefur skýrt út hækkanirnar nú með því að miklar stækkunarframkvæmdir standi yfir í Leifsstöð vegna mikils og stórvaxandi fjölda ferðamanna til landsins. Tekin væru lán til þeirra og að ekki yrði tekið lán vegna bílastæðaframkvæmdanna. Því skorti fé til þeirra og til að hægt sé að ráðast í þær þurfi meira fé. Þess vegna þurfi að hækka bílastæðagjöldin. FÍB hefur hins vegar bent á að ekki geti talist eðlilegt að fjölga bílastæðum vegna fjölgunar farþega þegar erlendir ferðamenn nota ekki bílastæðin. FÍB hefur hins vegar bent á að tilgangur hækkananna sé sá einn að afla fjár til fjölgunar bílastæða við flugstöðina til að mæta þörfum bílaleiga vegna aukins fjölda erlendra ferðamanna. Þeim kostnaði virðist eiga að velta yfir á herðar íslenskra bifreiðaeigenda og láta þá niðurgreiða kostnað þessarar ferðaþjónustugreinar.





Mikil breyting á 25 árum.

## 25 ár frá kaupum Volkswagen á Skoda

Árið 1991 keypti Volkswagen 31% hlut í tékkneska bílaframleiðandanum Skoda fyrir 620 milljónir þýskra marka. Frá því jók Volkswagen stöðugt við eign sína í fyrirtækinu og árið 2000 var Volkswagen svo búið að kaupa alla hluti í Skoda. Árið 1991 framleiddi Skoda 200.000 bíla á ári af aðeins tveimur bílgerðum en í fyrra var framleiðsla Skoda komin yfir eina milljón bíla og voru bílar fyrirtækisins seldir í yfir 100 löndum. Frá fyrstu kaupum Volkswagen hefur fyrirtækið fjárfest fyrir 11 milljarða evra í Skoda svo það hefur ekki verið ókeypis að auka söluna svo mikið og auka virði Skoda í leiðinni.

Rekstur Skoda bjó til 4,5% af þjóðartekjum Tékklands árið 2014 og stóð fyrir 8% útflutningstekna landsins. Það hefur aðeins vaxið síðan. Skoda-merkið hefur á þessum tíma breyst úr því að vera staðbundið bílamerki sem þjónaði aðeins heimamarkaði og nálægum löndum í það að vera alþjóðlegt bílamerki sem selt er á flestum stærri mörkuðum. Skoda-bílar hafa þó aldrei verið seldir í Bandaríkjunum. Rekstur Skoda er mjög arðbær og skilar móðurfélaginu Volkswagen ávallt fínum hagnaði.






Áttunda kynslóð Opel Astra verður kynnt í mánuðinum.

# OPEL ASTRA – BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU MÆTTUR Í BÍLABÚÐ BENNA

Opel hefur vart haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum fyrir Astra.

Opel Astra hlaut hin eftirsóttu verðlaun Bíll ársins í Evrópu. Hann kom af nýrri kynslóð síðasta haust, þeirri áttundu reyndar. Það eru engar ýkjur að segja að Opel hafi vart undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, sem bílnum hafa hlotnast frá því hann leit dagsljósið. Nú er þessi nýjasti bíll Opel kominn til landsins og hann verður frumsýndur í þessum mánuði hjá Bílabúð Benna. Greinarritari hefur notið þeirra forréttinda að prófa þennan bíl bæði erlendis sem hérlendis og það í ýmsum útgáfum. Í þeim prófunum hefur sannast að þessi bíll er frábært útspil í flokki bíla þar sem samkeppnin er sannarlega hörð.

### Ekki lengur „næstum því“

Sagt hefur verið hingað til að Astra sé „næstum því“-bíllinn og þá meint að hann sé með næstum jafn góða aksturseiginleika og Ford Focus, næstum því eins vel smíðaður og Volkswagen Golf, næstum jafn áreiðanlegur og Toyota Corolla og næstum því eins rúmgóður og Skoda Octavia. Flestir bílablaðamenn eru þó á því að hér sé kominn bíll sem jafnvel slær hinum við að öllu leyti nema rými Octavia. Það er ekki slæmur dómur og eitthvað hefur það verið sem heillaði alla þessa mörgu dómnefndarmenn frá evrópskum bílatímaritum og -blöðum. Víst er að Opel hefur lagt allt í sölurnar með hönnun og smíði þessa bíls sem fellur í söluhæsta flokk bíla heims.

### Fór í væna megrun og troðinn tækni

Það finnst glögglega í akstri nýja Astra-bílsins að hann hefur lést mikið og gaman er að bera saman nýju og næstsíðustu kynslóð bílsins. Bíllinn er 200 kg léttari en forverinn. Hann er orðinn mun betri akstursbíll og ferlega gaman að henda honum fyrir hornin og hann ræður miklu betur við það en áður. Nýi bíllinn er svo troðinn af nýrri tækni og fítusum að slíkt á eiginlega heima í miklu dýrari bílum. Opel hefur verðlagt þennan bíl afar hóflega og er það greinilega gert til að skáka samkeppninni og það virðist að einhverju leyti hafa tekist á meginlandi Evrópu, en gríðarlegar pantanir hafa verið í bílinn allt frá því hann var kynntur og Opel hefur vart undan. Opel Astra verður í boði frá 3.190.000 kr. og mengar aðeins frá 99 g/km. Hann mun fást með miklu úrvali bensín- og dísilvéla og vali á milli mísíburðarmikilla innréttinga.



Ford Focus X Road var framleiddur í 300 eintökum og ekki söguna meir.

## Ford „Allroad“-væðir 5 bíla

Hjá Ford eru uppi áform um að bjóða nokkra af fólksbílum þeirra í grófari og torfæruhæfari útgáfum líkt og Audi gerir með A6 Allroad-bílinn. Hann er í grunninn hefðbundinn A6 bíll. Þessi aðferð er aldeilis ekki ókunn meðal bílaframleiðenda og nærtækast er að nefna ýmsa fleiri bíla innan Volkswagen-bílafjölskyldunnar eins og Skoda Octavia Scout, Volkswagen Passat Alltrack og Seat Leon Xperience. Þessir bílar eru allir hefðbundnir fólksbílar sem hækkaðir hafa verið upp, bætt á þá áberandi brettakóntum, stórum stuðurum með hlífðarplötum og toppgrind og fjöðrun flestra þeirra hefur verið breytt.

### Sparar þróunarkostnað

Þetta ætlar Ford einmitt að gera með fimm bílgerðir sínar, en hefur ekki látið uppi hvaða gerðir það eru. Þetta telur Ford vænlegra en að smíða nýja jepplinga. Helsta ástæðan er líklega sú að það sparar mikið í þróunarkostnaði. Aðeins þarf með þessu að útfæra fyrri bíla fyrirtækisins á örlítið annan og grófari hátt og koma þeim fyrir vikið fyrr á markað. Líklegt er að Ford Mondeo og Focus muni fá svona meðferð. Þó það hafi ekki farið hátt þá gerði Ford-verksmiðja í Hollandi einmitt svona breytingu á 300 bílum af langbaksgerð Ford Focus árið 2009 og kallaði hann „X Road“.



Nissan Navara hefur ekki verið í boði hérlendis um nokkurt skeið.

## Fjórar frumsýningar hjá BL 16. apríl – nýr Nissan Navara

Laugardaginn 16. apríl frumsýnir BL við Sævarhöfða fjóra nýja bíla, BMW X5 tengiltvinnbíl, nýjan og breyttan Nissan Navara, Nissan Leaf með langdrægari rafhlöðu og loks glæsilegan Renault Megane. Nissan Navara hefur ekki verið í boði hér á landi um nokkurt skeið, en nú er nýr bíll kominn aftur, endurhannaður frá grunni. Hann var kosinn pallbíll ársins 2016 í sínum stærðarflokki síðastliðið haust af evrópskum bílablaðamönnum. Meðal nýjunga má nefna LCD-skjá í baksýnisspeglinum sem er nýjung á bílamarkaðnum auk þess sem gormafjöðrun er nú staðalbúnaður í Navara, hin fyrsta sinnar tegundar í þessum stærðarflokki pallbíla í Evrópu. Til gamans má geta þess að við hönnun sætanna í Navara leitaði Nissan í smiðju NASA. Dráttargeta er 3,5 tonn og verðið frá 5.790 þúsundum króna.




mazda

Mazda3 er brautryðjandi á marga vegu. Framúrskarandi aksturseiginleikar Mazda halda bílnum límdum við veginn á meðan SkyActiv tæknin tryggir sparneytni án þess að skerða vélarafl. Að keyra Mazda3 er hrein ánægja fyrir þann sem vill algjöra stjórn því stýrissvörunin er frábær og viðbragðið næmt.

Útlit Mazda3 þykir sérstaklega vel heppnað. Útlínur bílsins gæla við augað enda er Mazda3 smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem innblásin er af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígurs.

Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi akstureiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsingakerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Nýr vefur

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



VW T-Cross mun komast 800 km á tankfylli.

## Volkswagen bætir við jeppingi

Volkswagen er eitt þeirra fyrirtækja sem ætla að nýta sér þann mikla áhuga sem er á smáum jepplingum í dag og sýndi þennan smáa jeppling, T-Cross Breeze, í síðasta mánuði í Genf. Hann er á stærð við VW Polo en ef til vill það merkilegasta við hann er að hann er blæjubíll og fær því nafnið Breeze í endann. Ytri hönnun bílsins minnir um margt á nýjan Tiguan-jeppling sem von er á fljótlega, en þó er grillið stærra og ljósin minni og það eru LED-ljós hringinn í kringum þokuljósin. Þótt þessi jepplingur sé smár er hann með 300 lítra skott. Bíllinn er aðeins 4,133 metra langur, 1,798 m breiður og 1,563 m hár. Í bílnum er 300 vatta Beats Audio-hljóðkerfi og kannski veitir ekki af með blæjuna niðri.

### Með 1,0 lítra vél og 7 gíra sjálfskiptingu

Lítil 1,0 lítra forþjöppudrifin bensínvél er í bílnum, 110 hestöfl með 175 Nm tog. Sjö gíra sjálfskipting er tengd við vélina og er hún með tveimur kúplingum. Bíllinn eyðir 5 lítrum og mengunin er 115 g/km. Með 40 lítra eldsneytistanki er hægt að aka T-Cross 800 kílómetra á tankfylli. T-Cross vegur aðeins 1.250 kíló, er 10,3 sekúndur í 100 og með hámarkshraðann 188 km/klst. Volkswagen ætlar einnig að koma með jeppling á markað sem verður í sama stærðarflokki og VW Golf og verða þá smáir jepplingar fyrirtækisins orðnir þrír. Verður sá bíll byggður á hugmyndabílnum T-Roc concept.



Ssangyong XLV á bílasýningu.

## Ssangyong til BNA árið 2019?

Forstjóri suður-kóreska bílaframleiðandans Ssangyong hefur látið hafa eftir sér að fyrirtækið hafi í hyggju að hefja sölu bíla sinna í Bandaríkjunum árið 2019. Ssangyong er fjórði stærsti bílaframleiðandi Suður-Kóreu og hafa bílar fyrirtækisins verið til sölu hérlendis hjá Bílabúð Benna og er Musso-jeppi Ssangyoung líklega þekktasti bíll þeirra hér á landi. Ssangyong leggur í bílaflóru sinni mikla áherslu á jeppa og jepplinga og rímar það vel við mikla eftirspurn eftir slíkum bílum í heiminum, ekki síst vestanhafs. Forstjóri Ssangyong sagði að sala bíla í Bandaríkjunum gæti haft úrslitaáhrif á framtíð fyrirtækisins, góður árangur þar gæti fært því nýtt líf en fjarvera á þeim markaði gæti riðið fyrirtækinu að fullu. Ssangyong er nú í eigu bílaframleiðandans Mahindra á Indlandi og bjargaði Mahindra Ssangyong frá gjaldþroti árið 2011 með kaupum á félaginu. Forstjóri Mahindra hefur ekki útlalað sig um áhugann á Bandaríkjamarkaði og fremur talað um Kína sem lykilmarkað, en þar hefur þó hægst mjög á bílasölu á meðan vöxturinn hefur verið mikill í Bandaríkjunum.




Audi Q7 e-tron tengiltvinnjeppinn er á leiðinni.

# AUDI Q7 E-TRON KOSTAR SVIPAÐ OG Í ÞÝSKALANDI

Kaupendum fjölgar hratt þó svo enginn þeirra hafi séð bílinn og verða fyrstu bílarnir afhentir í ágúst eða september.

Þeim fjölgar jeppunum hér á landi sem bjóðast sem tengiltvinnbílar. Porsche Cayenne Plug-In-Hybrid hefur verið í boði í nokkurn tíma og nýverið hófst sala á Volvo XC90 T8. Í ágúst bætist síðan sá þriðji við, Audi Q7 e-tron, og hefur hann lengstu drægnina á rafmagni eingöngu, eða 56 kílómetra. Hann er ólíkur hinum tveimur að því leyti að auk rafmótoranna er hann með dísilvél en ekki bensínvél og er hún 3,0 lítra. Sá kostur fylgir líka Q7 e-tron að hann er fjórhjóladrifinn, eingöngu drifinn áfram á rafmagnsmótorunum, öndvert við t.d. Vovlo XC90 T8, sem aðeins er með rafmótora á öðrum öxlinum. Audi Q7 er með magnaðar frammistöðutölur, uppgefin eyðsla er 2 lítrar, hann tekur sprettinn í 100 á 6 sekúndum og heildardrægnin er 1.410 kílómetrar, eða ríflega hringurinn um Ísland.

### Tengiltvinnbílar freistandi kostur

Það á við alla þessa bíla að þeir eru freistandi kostir vegna lágra vörugjalda sem á tengiltvinnbílum eru hér á landi. Er það vegna þess hve lítið þeir menga. Eru þessir bílar á svipuðu verði og ódýrustu útgáfur grunnbílanna sem eingöngu eru með brunavélum, enda hefur þeim verið tekið með kostum. Einnig eru þeir á svipuðu verði og í framleiðslulöndum þeirra. Ákaflega vel hefur selst af Porsche Cayenne Hybrid og Volvo XC90 T8 og nú er byrjað að taka niður pantanir á Audi Q7 e-tron og fer kaupendum hans ört fjölgandi þrátt fyrir að enginn þeirra hafi raunverulega séð bílinn. Þeir fyrstu verða afhentir í ágúst eða september en hjá Heklu standa vonir til þess að sýningarbíll verði kominn í júlí. Audi Q7 e-tron kostar 11.900.000 kr. og er hann á betra verði en sambærilega búinn dísilútgáfa hans, þó svo fá megi grunnútgáfuna á 11.490.000 kr.



Mazda Koeru tilraunabílinn verður fyrirmynd Mazda CX-4.

## Mazda CX-4 í Peking

Þeim fjölgar jepplingunum hjá Mazda og nýjasta bílnum í þeirri fjölskyldu verður skotið inn á milli CX-3 og CX-5 og fær því nafnið CX-4. Þessi nýi jepplingur verður sýndur á bílasýningunni í Peking sem hefst þann 25. apríl. Þessi bíll er byggður á tilraunabílnum Koeru sem sýndur var á bílasýningunni í Frankfurt síðasta haust. Hann er með coupé-lagi sem algengt er orðið með jepplinga nú til dags og því æði sportlegur. CX-4 er 4,6 metra langur, 1,9 metra m breiður og 1,5 metra hár og það eru 2,7 metrar á milli öxla. Hann er talsvert frábrugðinn öðrum jepplingum Mazda í útliti en ef hann heldur að mestu línunum frá Koeru-tilraunabílnum er hér á ferðinni afar fallegur bíll. Að sjálfsögðu fær þessi jepplingur skyactive-vél, sem er nú í flestum bílum Mazda. CX-4 fær að mestu sama undirvagn og CX-5 jepplingurinn en á að verða enn betri akstursbíll og þarf þó nokkuð til að slá við CX-5 í jepplingaflokknum.

## Red Dot Design verðlaunar Hyundai IONIQ

Hyundai hefur hlotið sín sjöttu hönnunarverðlaun Red Dot Design á aðeins þremur árum. Red Dot Design verðlaunin eru enn ein viðurkenningin sem Hyundai fær fyrir þá nýju og endurhönnuðu kynslóð bílaframleiðslunnar sem komið hefur fram á undanförnum árum. IONIQ er auk þess mikilvægur hlekkur í þeirri áherslu Hyundai að auka umhverfismildi bílanna. Hyundai IONIQ var fyrst frumsýndur opinberlega 1. mars sl. á bílasýningunni í Genf. Bíllinn verður framleiddur í þremur rafmagnsútfærslum; sem Hybrid, Plug-In og sem hreinn rafmagnsbíll. Allar útfærslur fara í framleiðslu síðar á þessu ári og koma tvær gerðir í sýningarsalinn hjá Hyundai í Garðabæ í haust.



Hyundai IONIQ.

### Fjölskipuð dómnefnd

Red Dot Design Awards eru ein eftirsóttustu hönnunarverðlaun sem veitt eru leiðandi framleiðendum í fjölda atvinnugreina. Að þessu sinni kepptu rúmlega fimm þúsund aðilar á sviði hönnunar, nýsköpunar og byltingarkenndra hugmynda. Í dómnefnd sitja tugir aðila frá 57 löndum, þar á meðal hönnunarsérfræðingar, háskólaprófessorar og blaðamenn. Verðlaunin eru því umfangsmestu og útbreiddustu samkeppnisverðlaun sem veitt eru í heiminum í dag.

### Hyundai i20 og Sonata í fyrra

Á síðasta ári hlutu tvær gerðir Hyundai i20 Red Dot Design verðlaunin auk Hyundai Sonata fyrir framúrskarandi hönnun og komu þau í kjölfar sömu verðlauna 2014 þegar þau féllu í skaut Hyundai i10 og Genesis. Sömu bílgerðir hafa einnig verið verðlaunaðar af öðrum aðilum í bílageiranum, eru m.a. handhafar verðlaunanna Good Design Award og iF Design Award, svo dæmi séu nefnd.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL
#1
Á ÍSLANDI 2015

**Þú kemst lengra en borgar minna**

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.




**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

## SKODA SUPERB

2,0 L DÍSILVÉL, 190 HESTÖFL
FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla** 5,1 l/100 km
í bl. akstri

**Mengun** 135 g/km CO2
**Hröðun** 7,6 sek.
**Hámarkshraði** 230 km/klst.
**Verð** 5.820.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Aðeins 3 ára ábyrgð
- Fjöðrun á til að slá upp

- Útlit
- Rými
- Akstureiginleikar
- Vélar



# SKODA SUPERB ÓGNAR LÚXUSBÍLUNUM

Enn á ný slær Skoda réttan tón. Þriðja kynslóð Superb er frábær akstursbíll, með ógnarstórt innanrými, sparneytinn, fallegur, sniðugur, fæst í mörgum útfærslum og er á góðu verði.

**SKODA SUPERB**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Skoda Superb af þriðju kynslóð er nýkominn á markað og hefur vægt til orða tekið fengið frábæra dóma þeirra sem prófað hafa bílinn og það hefur orðið til þess að Skoda hefur ekki undan að framleiða þennan stærsta fólksbíl sinn. Fyrsta kynslóð Skoda Superb kom á markað árið 2001 og önnur kynslóðin árið 2008 og hafa þær báðar selst mjög vel þó svo salan nái ekki sölunni á enn vinsælli bílgerð Skoda, Octavia. Octavia var reyndar mest selda einstaka bílgerð á Íslandi í fyrra. Skoda Superb fæst sem fyrr bæði með „sedan"-lagi og í langbaksútfærslu og með fjórhjóladrifi og framhjóladrifi. Einnig má velja á milli margra vélarkosta, en hér á landi eru þrjár vélar í boði. Ein 1,4 lítra TSI bensínvél sem er 150 hestöfl og þrjár 1,6 og 2,0 lítra dísilvélar sem eru 120, 150 og 190 hestöfl. Ástæðan fyrir takmörkuðu bensínvélaúrvali hér er að flestir Íslendingar hafa kosið hann með dísilvél í gegnum tíðina og verð hans gott þannig.

### Verðugur keppinautur Audi A6

Sá bíll sem tekinn var til kostanna í reynsluakstri var langbaksútfærslan með stærstu dísilvélinni, 190 hestafla, og fjórhjóladrifinn. Þar fer dýrasta útgáfa þessa bíls og kostar 6.170.000 kr. Það er þó ekki hátt verð fyrir svo mikinn bíl og ef marka má orð margra sem prófað hafa bílinn erlendis og segja hann verðugan keppinaut Audi A6, þá er hann 2,5 milljónum ódýrari en langbaksgerð (Avant) hans. Skoda Superb má hins vegar fá frá 4.490.000 kr. með 150 hestafla bensínvélinni og þar fer ferlega skemmtilegur bíll með vél sem dugar honum ágætlega þó svo hann eigi nokkuð í land með öflugustu dísilvélinni. Með henni er þessi bíll alger spyrnukerra og ómæld ánægja er að gefa honum inn og finna fyrir ótrúlegri vinnslu hennar. Það undarlega er að þrátt fyrir allt afl hennar eyðir þessi stóri bíll aðeins 5,1 lítra samkvæmt framleiðanda.

### Reyndist með 5,5 lítra meðaleyðslu

Reynsluakstur bílsins, sem spannaði heila 850 kílómetra að þessu sinni, sýndi hins vegar fram á 5,5 lítra eyðslu og var innanbæjarakstur um 80 km af því. Hann heggur því býsna nærri uppgefinni eyðslu og á það nú ekki við marga af þeim bílum sem undirritaður hefur reynt um árin. Bíllinn var með fullan tank í upphafi norðanferðar og við heimkomu átti hann eldsneyti til ríflega 400 km aksturs til viðbótar og því má segja að hæglega megi komast hringinn á honum á einum tanki. Auk þess var bílnum ekki beinlínis ekið í sparakstri í reynsluakstrinum og fékk hann stundum að hafa verulega fyrir hlutunum. Superb með aflminnstu dísilvélinni er með uppgefna 4,0 lítra eyðslu og er sú tala trúverðug í ljósi þessara talna. Vart er hægt að hugsa sér betri ferðabíl en Superb því hann gleypir fimm manna fjölskyldu létt og gríðarmikinn farangur að auki. Skottrými bílsins er slíkt að maður fer að hlæja við það eitt að





Skoda Superb er mjög stór fjölskyldubíll með mikið farangursrými. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLHELM



Risastórt fótarými fyrir aftursætisfarþega.



Stílhrein en tiltölulega látlaus innrétting.

opna afturhlerann. Samt er fótarými aftursætisfarþega yfrið og sá íverustaður með allra besta móti. Þessi stóri bíll stækkaði nefnilega um 3 cm og breikkaði um 5 cm á milli kynslóða og innanrýmið stækkaði enn meira hlutfallslega.

### Frábær akstursbíll

Aksturseiginleikar Superb hafa alltaf verð góðir en ekki sakaði það nú að bíllinn fór í 75 kg megrun milli kynslóða. Þessi bíll liggur eins og klessa og stýring hans er nákvæm og skilar heilmikilli tilfinningu frá vegi til stýris. Úr verður frábær akstursupplifun sem skarar ekki bara hátt í lúxusbíla í þessum stærðarflokki, heldur jafnar þá auðveldlega. Hreint magnað hvað Skoda hefur tekist með þessum bíl, en kannski á skyldleikinn við önnur góð bílmerki innan stóru Volkswagen-bílafjölskyldunnar ríkan þátt í því. Ef einhverju er hægt að kvarta yfir þá kom það tvisvar sinnum fyrir er farið var nokkuð greitt yfir hraðahindranir að fjöðrunin sló upp og brá þá ökumanni. Þó svo Superb sé ekki alveg eins vel hljóðeinangraður og bestu lúxusbílar er hann býsna hljóðlátur á þjóðvegunum og því var ágæts hljóðkerfis hans notið á leiðinni. Superb á líka eitthvað í land hvað varðar glæsileika innréttingar við lúxusbíla en hún er samt ferlega flott, traust og praktísk eins og allt sem frá Skoda kemur. Það er í raun hálf skrítið að vera að bera svo ódýran bíl sem Superb við lúxusbíla, en hann skýtur svo nálægt þeim af öllum gæðum að því verður ekki varist.

### „Simply clever“

Svo eru líka alltaf einhverjar skemmtilegar og óvæntar lausnir sem gleðja mann við hvern nýjan Skoda, enda er kjörorð þeirra „Simply clever“. Til dæmis má finna regnhlífar sem smeygt er inn í báðar framhurðirnar og því eru þær alltaf til taks og ekki veitir af á okkar blauta landi. Velja má á milli þriggja útfærslna í innréttingunni, Active er þeirra ódýrust, þá Ambition og dýrust er Style, en staðalbúnaður er fínn í þeirri ódýrustu. Full ástæða er að mæla með þessari nýju kynslóð Superb og svo virðist sem Skoda geri flest rétt þessa dagana.

SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 06.2013, ekinn 53 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.390.000.**
Rnr.101115.



**SUZUKI Grand Vitara Sport.**
Skr. 05.2007, ekinn 136 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.690.000.**
Rnr.101183.



**VW Polo Comfortline.**
Skr. 07.2012, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.780.000.**
Rnr.101199.



**SUZUKI Alto GL.**
Skr. 12.2012, ekinn 37 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.450.000.**
Rnr.101180.



**TOYOTA Corolla Terra.**
Skr. 05.2014, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 2.780.000.**
Rnr.101192.



**SKODA Citigo Active.**
Skr. 04.2013, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.350.000.**
Rnr.101198.



**NISSAN Qashqai SE.**
Skr. 04.2011, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.690.000.**
Rnr.100849.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 05.2007, ekinn 154 Þ.KM, dísel, 5 gírar, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.850.000.**
Rnr.101158.



**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 01.2013, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfsk., leður, sóllúga o.fl.
**Verð 3.980.000.**
Rnr.100670.

SUZUKI

Komdu og skoðaðu úrvalið

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is



# Allir í góðum gír á 4X4 sýningu Heklu

Það var líf og fjör í salarkynnum Heklu á dögunum þegar haldin var sýning til heiðurs fjórhjóladrifnum farartækjum. Til sýnis voru sprækir bílar með drif á öllum frá Skoda, Audi, Mitsubishi og Volkswagen. Má þar nefna frumsýningastjörnu dagsins, Volkswagen Passat Alltrack, nýfrumsýndan Skoda Superb, glæsilegan Audi Q7 og sportlega pallbílinn Mitsubishi L200. Að auki var leynigestur á svæðinu; splunkunýr Volkswagen Passat GTE sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Íslenska veðráttan var söm við sig en það stoppaði ekki áhugasama gesti í því að bregða sér í reynsluakstur enda gátu þeir yljað sér yfir góðum kaffibolla að akstri loknum.

### Útivistin í forgangi

„Gestirnir okkar voru í góðum gír og létu veðrið ekki hafa nein áhrif á sig enda notalegt í sölunum okkar. Fólki gafst tækifæri til að kynna sér úrvalið okkar af fjórhjóladrifnum bílum sem við eigum í öllum stærðum og gerðum.“

# ASKJA FÆR VERÐLAUN FRÁ DAIMLER

## Besta frammistaðan á markaðssvæði innan Daimler AG samstæðunnar.

Bílaumboðið Askja fékk verðlaun fyrir bestu frammistöðuna á markaðssvæði sínu innan Daimler AG samstæðunnar fyrir árið 2015 í sölu á Mercedes-Benz atvinnubílum, en á því svæði eru yfir 130 mismunandi markaðir. Verðlaunin fékk Askja fyrir góða markaðshlutdeild í sölu á þremur mismunandi flokkum atvinnubíla, litlum, millistórum og stórum sendibílum. Það var Ulrik Krener frá Daimler AG, framleiðanda Mercedes-Benz bíla, sem afhenti Öskju verðlaunin sl. föstudag í höfuðstöðvum Öskju að Krókhálsi 11.

### Nýtt húsnæði á síðasta ári

„Við erum ákaflega stolt og ánægð með þessi verðlaun. Þetta er mikill heiður fyrir Öskju og starfsfólk fyrirtækisins. Við höfum lagt mikinn kraft og metnað í atvinnubíladeildina okkar undanfarin ár og það hefur skilað sér vel. Deildin hefur vaxið mikið samhliða auknum umsvifum í atvinnulífinu hér á landi á undanförnum árum. Söludeild atvinnubíla flutti á síðasta ári í nýtt og glæsilegt húsnæði að Fosshálsi 1 og við stefnum að því að efla söludeildina enn frekar til að mæta þörfum viðskiptavina,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju. Hlutdeild Öskju í sendibílum á Íslandi hefur verið mjög góð og í ákveðnum flokkum er hlutdeild Mercedes-Benz Sprinter hæst á heimsvísu hér á landi.



Við móttöku verðlaunanna í Öskju.

### Frá litlum sendibílum til rúta

„Allir atvinnumenn þekkja Mercedes-Benz atvinnubílanna og vita hvað þeir standa fyrir hvað varðar gæði, þægindi, endingu og hagkvæman rekstur. Vinsældir þeirra hér á landi koma okkur því ekkert á óvart. Atvinnubílarnir frá Mercedes-Benz eru fjölbreyttir og uppfylla ólíkustu þarfir við ýmsar aðstæður. Við höfum breiða og flotta sendibílalínu þar sem er að finna Citan, Vito og Sprinter og hinn fjölhæfa V-Class. Í trukkadeildinni standa vinnuþjarkarnir Actros, Antos, Arocs og Ateco vel fyrir sínu. Og í rútum er Mercedes-Benz mjög framarlega með Tourismo-hópferðabílana og gríðarlega fjölbreytta línu, allt frá litlum smárútum sem sjást nú víða á vegum landsins upp í fullbúnar lúxusrútur fyrir ferðamenn og hópa. Það eru spennandi tímar fram undan hjá okkur með atvinnubílana og við munum ekkert slá af til að standa okkur í samkeppninni,“ segir Jón Trausti enn fremur.






Vagnarnir góðu afhentir.

# Optimar KAPP afhenti Samskip nýja trailer-vagna

Optimar KAPP afhenti á dögunum tvo nýja Schmitz City trailervagna til Samskipa. Vagnarnir eru með Carrier „Multi temp“ kælivélum en um er að ræða háþróaðar kæli- og frystivélar þar sem að tvö eða fleiri hitastig geta verið inni í vagninum á sama tíma. „Það hefur orðið vitundarvakning hjá aðilum í flutningabransanum hvað varðar. Með „Multi temp“ vélunum geta menn auðveldlega verið með fjölbreyttari vörur í vögnunum og stýrt hitastiginu eftir því hvaða kælingu varan þarf á að hafa.

Inni í vagninum eru einangruð milliþil sem auðvelt er að setja upp eða leggja niður og skipta vagninum þannig upp í mismunandi hólf þar sem að auðveldlega er hægt að vera með mismunandi hitastig í gangi,“ segir Freyr Friðriksson, framkvæmdastjóri Optimar KAPP.

Trausti Þór Ósvaldsson, þjónustustjóri Optimar KAPP, segir að það séu sannarlega spennandi tímar fram undan hjá fyrirtækinu með þessar byltingarkenndu Carrier, „Multi temp“ kælivélar. Hann bendir á að fyrirtækið hafi undanfarin ár annast sölu á trailer-vögnum frá Schmitz, en einnig boðið upp á leigu á slíkum vögnum til styttri og lengri tíma. Optimar Kapp er með í heildina samtals 18 vagna í leigu sem stendur og er töluvert ur áhugi fyrir þessari lausn sem fyrirtækið býður upp á að sögn Trausta.

RENAULT
Passion for life

# CLIO LIMITED

## GLÆSILEGUR BÍLL, GÓÐUR DÍLL




TAKMARKAÐ MAGN

## MEÐ 300.000 KR. AUKAPAKKA

Glerþak · 16" álfelgur · Bakkskynjarar
Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu · Lykillaust aðgengi
Dynamic útlitspakki · Svartir speglar með háglans lakki

**Verð: 2.590.000 kr.**
**CLIO 90 TCe**
Bensín, beinskiptur
**Eyðsla 4,6 l/100 km***

**Bílalán 39.745 kr. á mán.**
**m.v. 10% innborgun.****

**Verð: 2.990.000 kr.**
**CLIO 1,5d**
Dísil, sjálfskiptur
**Eyðsla 3,8 l/100 km***

**Bílalán 45.863 kr. á mán.**
**m.v. 10% innborgun.****

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,39%.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM74553

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

**Lexus RX450h**

3,5 L BENSÍNVÉL OG 2 RAFMÓTORAR, 313 HESTÖFL

**Eyðsla** 5,2 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 120 g/km CO2
**Hröðun** 7,7 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst
**Verð frá** 10.990.000 kr.
**Umboð** Lexus á Íslandi

- Togstýrður
- CVT-skipting
- Þyngd

- Búnaður
- Mikið innanrými
- Hljóðlátur



Lexus RX450h er kominn með einkar svipsterkar og hvassar línur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# GERBREYTT LÚXUSKERRA Á STERUM

## Miklar framfarir frá fyrri kynslóð. Djörf hönnun í takt við breyttar áherslur hjá Toyota og Lexus sem horfið hafa frá látlausum bílum í útliti. Líður áfram sem á silkiskýi, en er með krafta í kögglum.

**LEXUS RX450H**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Ekki er langt síðan ný kynslóð Lexus RX jeppans kom til landsins, en þar fer söluhæsta bílgerð lúxusbílaframleiðandans, sem er í eigu Toyota. Hann er ekki bara söluhæsta bílgerð Lexus hérlendis, heldur um heim allan. Því er það Lexus afar mikilvægt að vel takist til og í stuttu máli má staðfesta það, hér er kominn mun skemmtilegri bíll en forverinn. Lexus RX má nú sem fyrr fá með hybrid-tækni sem án hans, en reyndur var bíll með hybrid-tækni og heitir hann þá Lexus RX450h. Þetta er fjórða kynslóð RX og hefur hann verið framleiddur frá árinu 1997. Alls hefur Lexus selt yfir 2,1 milljón RX-bíla og á hverju ári seljast yfir 100.000 slíkir jeppar í Bandaríkjunum eingöngu á hverju ári.

### Djörf og köntuð útlitsbreyting

Mjög mikil útlitsbreyting hefur orðið á bílnum milli kynslóða, öndvert við litla breytingu á milli annarrar og þriðju kynslóðar. Nokkuð djörf hönnun leysir af hófsamlega teiknaðan forverann og bíllinn er allur orðinn mjög kantaður, sportlegur, framúrstefnulegur og grimmur. Er það í takt við breyttar áherslur bæði hjá Toyota og Lexus sem horfið hafa frá látlausum bílum í útliti, en nú vekja nýir bílar frá fyrirtækjunum báðum athygli fyrir djarfa hönnun, þó sitt sýnist hverjum um útlit þeirra. Greinarritari er þó einn þeirra sem fagna þessari breytingu. Mjög afgerandi í útliti bílsins er gríðarstórt grill hans. Mikil lækkun frá húddi bílsins niður á frambrettin, ásamt mikilli innfellingu kringum þokuljósin gera svo framendann grimmilegan ásamt útstæðum vindbrjóti neðst. Um hliðarnar leika svo hvassar línur og afgerandi innfellingar. Hjólskálarnar hafa fengið kassalaga form í stað hringlaga og undirstrikar það enn fremur djörfungina og frjálsræðið sem hönnuðir bílsins hafa fengið. Fullyrða má að fáir myndu átta sig á að hér færi Lexus-bíll þegar hann er séður fyrsta sinni.

### Fágaður að innan

Það er ekki bara ytra útlitið sem breyst hefur til batnaðar í Lexus RX heldur einnig það innra. Þessi vandaði jeppi hefur ávallt verið bæði vel búinn og fallegur að innan, en nú hefur heldur verið bætt í. Ekki bara er staðalbúnaður og tækninýjungar í ríflegri kantinum, heldur er efnisval og frágangur til svo mikillar fyrirmyndar að leit er að því betra. Einkar lítil plastnotkun er í innréttingunni, heldur ræður vandað ísaumað leður og burstað stál þar ríkjum og myndar fágaða heild. Ekki skemmir heldur fyrir að hafa risastóran 12,3 tommu skjá fyrir miðju mælaborðsins þar sem stjórna má leiðsögukerfi, hljóðkerfi og loftkælingu og fá upp ýmsar upplýsingar um stillingar bílsins. Þar má einnig fá 360 gráðu þrívíddarmynd af umhverfi bílsins sem aðstoðar við stýringu og að leggja bílnum. Þá kemur skemmtilega á óvart að helstu akstursupplýsingum er varpað upp á framrúðuna og því þurfa ökumenn ekki mikið að taka augun af veginum. Mark Levinson hljóðkerfið í bílnum er stórkostleg hljómleikaupplifun, en kostar sitt aukalega. Sætin í bílnum eru frábær og fótarými fyrir aftursætisfarþega er gríðarmikið. Farangursrými er ágætt, eða 539 lítrar.

### Gott afl og eyrnakonfekt

Eins og sannri lúxuskerru sæmir er Lexus RX450h með krafta í kögglum og sendir 313 hestöfl til allra hjólanna. Fyrir vikið er stórgóð skemmtun að gefa þessum bíl inn og hann rótast af stað. Það sem gleður ökumann ekki síður: hann gerir það með svo fallegu hljóði frá vélinni að það eitt sér er full ástæða til inngjafar. Stóð reynsluökumaður sig gjarnan af þéttri inngjöf aðeins fyrir eyrun. Vélin er 3,5 lítra bensínvél, auk rafmótora sem auka verulega á tog bílsins. Þar sem bíllinn er heil 2,1 tonn er hann þó 7,7 sekúndur í hundraðið, en urrið í vélinni gerir þær sekúndur skemmtilegar. Velja má milli fjögurra akstursstillinga, Eco, Normal, Sport og Sport+ og finnst mjög vel milli þeirra stillinga og hegðun bæði skiptingar og fjöðrunar verður nokkuð sportleg í Sport+. Hann verður þó enginn fimleikamaður fyrir vikið og á þyngd hans þar stærstan þátt. Bíllinn er með CVT sjálfskiptingu og er hér á ferð ein besta slíka skipting sem undirritaður hefur reynt þó svo að hrifningu á slíkum skiptingum sé almennt








ekki fyrir að fara. Við mikla inngjöf fannst fyrir talsverðri togstýringu þar sem megnið af aflinu er sent til framhjólanna og þá er betra að undirlagið sé slétt svo ekki þurfi að hafa fyrir því að stýra bílnum rétta línu.

### Ferlega ljúfur akstursbíll

Akstur Lexus RX450h er einkar ljúfur og fer bíllinn fáránlega vel með ökumann sem farþega. Bíllinn líður áfram sem á silkiskýi en finna má léttari lúxusbíla með svipuðu afli sem eru sportlegri í akstri og sneggri. Það er þó ekki markmiðið með smíði þessa bíls, akstur hans á að vera ljúfur og áreynslulaus og það skal segja að það uppfyllir þessi bíll. Fá má Lexus RX 450h frá 10.990.000 kr. og er það ágætt verð fyrir þennan vel búna bíl en sé hann tekinn með F Sport-pakka hækkar verðið um 2.850.000 og um 4.090.000 kr. sé Luxury-pakkinn valinn. Þar fá kaupendur hans þó einkar vel smíðaðan bíl, lúxusbíl sem er svo vel hljóðeinangraður að innan að leit er að betra.

# DEKKJASALAN

# SUMARDEKK OG FLOTTAR FELGUR






















Verðskrá, upplýsingar og myndir á
**www.dekkjasalan.is**

Dalshrauni 16, 220 Hafnarfjörður
**587 3757**
dekkjasalan@dekkjasalan.is



Buick Avista er augnakonfekt.

## Buick Avista senuþjófurinn verður ekki framleiddur

Bandaríkjamönnum er mjög lagið að framleiða ljóta bíla, en stundum kemur þó fyrir að fallegir tilraunabílar líta dagsins ljós þar í landi, en þá er um að gera að framleiða þá ekki. Gott dæmi um það er þessi gullfallegi Buick Avista sportbíll, en Buick hefur látið uppi að engar áætlanir séu uppi um framleiðslu hans og að hann gefi ekki heldur tóninn fyrir framtíðarútlit Buick-bíla. Þessi bíll var sýndur á síðustu bílasýningu í Detroit og þar var hann sannarlega senuþjófur, enda ótrúlega laglegur bíll þar á ferð frá bandarískum bílaframleiðanda. Aðstoðarforstjóri Buick sagði nýlega að þessi Buick Avista hefði eingöngu verið smíðaður til að grípa stundarathygli og að Buick Avenir bíllinn væri sá bíll sem gæfi tóninn fyrir framtíðarútlit Buick-bíla. Þar fer svo sem ekki ljótur bíll en samt langt frá því að vera eins fallegur og Avista. Næsti LaCrosse-bíll Buick mun fá framendann frá Avenir og fleiri línur og fleiri bílar Buick munu erfa útlit hans.



Skoda Octavia nr. 1.000.000.

## Milljón Octavia af núverandi kynslóð

Söluhæsti bíll Skoda er Octavia og var sú bílgerð söluhæsti bíll á Íslandi í fyrra. En það er ekki bara hér á landi sem hann selst vel og fyrir vikið hefur Skoda nú framleitt eina milljón eintaka af núverandi kynslóð hans, sem er sú þriðja í röðinni og kom á markað árið 2013. Flestir Skoda Octavia bílar er framleiddir í Mladá Boleslav í Tékklandi, en hann er þó einnig framleiddur í Rússlandi, Kasakstan og í Kína. Skoda Octavia er framleiddur í mýmörgum gerðum, bæði sem langbakur og með skotti. Hann má fá í metanútgáfu og allt upp í afar sportlega RS-gerð hans, auk Octavia Scout sem er eins konar torfæruútgáfa hans. Milljónasta eintakið var einmitt af Scoutgerð og framleitt í Mladá Boleslav. Frá útkomu fyrstu kynslóðar Skoda Octavia árið 1996 hefur Skoda alls framleitt meira en fimm milljón eintök af Octavia. Í fyrra seldi Skoda 432.300 eintök af Octavia um allan heim og jókst sala hans um 11% frá fyrra ári. Á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs hefur Skoda selt 70.500 Octavia bíla. Octavia mun fá andlitslyftingu snemma á næsta ári. Þá mun hann fá öflugri 1,8 lítra TSI bensínvél en nú og bjóðast einnig með 115 hestafla 1,0 lítra vél.

## Mercedes Benz Maybach jeppi á teikniborðinu

**Nú þegar Bentley hefur hafið sölu á Bentayga-lúxusjeppanum, Rolls Royce er á lokastigi hönnunar á Cullinan-jeppanum og Lamborghini er að leggja lokahönd á Urus-jeppann er ekki nema von að Mercedes Benz vilji taka þátt í kapphlaupinu um stórefnaða kaupendur lúxusjeppa. Því er Benz að íhuga að setja á markað jeppa sem bera myndi merki Maybach-lúxusmerkisins sem er í eigi Benz og hafa forsvarsmenn fyrirtækisins látið hafa eftir sér að slíkt komi sterklega til greina. Sala Mercedes Benz á jeppum hefur tekið stór stökk síðan Mercedes Benz kynnti M-jeppa sína til leiks árið 1997 og hefur sala jeppa aldrei verið meiri í heiminum en nú. Greinilega er þörf á að bjóða afar vandaða og dýra jeppa því kaupendur þeirra má finna víða og eru móttökur Bentayga-jeppans frá Bentley skýrt dæmi um það. Líklega verður lúxusjeppi Benz sem bæri Maybach-merkið smíðaður uppúr GLS-jeppa Mercedes Benz. BMW er einnig með X7 jeppa á teikniborðinu og verður hann bæði stærri og meiri lúxusbíll en X5 jeppinn og mun kosta minnst 100.000 dollara.**



Maybach-jeppi yrði smíðaður upp úr Benz GLS.




Bílabúð Benna

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is.
Verið velkomin í reynsluakstur.

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



149.000 KR.
ÁÐUR: 227.050 KR.

270.000 KR.
ÁÐUR: 351.550 KR.

369.000 KR.
ÁÐUR: 483.350 KR.

304.000 KR.
ÁÐUR: 402.350 KR.

## PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN TÍMANLEGA SETTAN UPP FYRIR SUMARIÐ



329.000 KR.
ÁÐUR: 433.350 KR.

313.000 KR.
ÁÐUR: 413.350 KR.

385.000 KR.
ÁÐUR: 503.350 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



RENAULT Megane berline bose. Árgerð 2015, ekinn 17 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.240766.



BMW X5 4,8i sport. Árgerð 2007, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.210656. Tilboð kr: 5.490.000,-



MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.991367.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia cee'd LX 1.4. Árgerð 2014, ekinn 26 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.310018. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

MB bílar



**EINSTAKUR BÍLL! EINN EIGANDI.**

BMW 7. Árgerð 2006, ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.120494.

**MB Bílar**
**Klethálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



CHEVROLET Captiva. Árgerð 2013, ekinn 88 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti. Verð 3.990.000. Rnr.110521.



LINCOLN Navigator 4wd. Árgerð 2006, ekinn 104 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Seljandi skoðar skipti. Verð 2.890.000. Rnr.210453.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

MB bílar



**FLOTTUR CADDY!**

VW Caddy. Árgerð 2014, ekinn 45 Þ.KM, dísel, . Verð 2.890.000. Rnr.100057.



**NÝR BÍLL!!**

HYUNDAI I20 1,2 trend . Árgerð 2016, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.380.000. Rnr.120388.

**MB Bílar**
**Klethálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

100 bílar bílasala .is



Cadillac Ecsacale, 2/2008, ek 55 þús km, mjög flott eintak, 8 manna, 2 felgugangar með dekkjum ogfl, ásett verð 6490 þús, er á staðnum raðnr 152412.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Citrone C5 X7 exclusive 2008 Vél. V6 2,7 HDI 270 hestöfl. 7.8 á langkeyrslu. Mikið yfirfarinn. Einn með öllu. Uppl í s. 6994329

## 250-499 þús.



**FLOTTUR SNATTARI - TILBOÐ 390 ÞÚS**

Peugeot 206 árg '03 ek.147 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný tímareim í 132 þús, góður og snyrtilegur snatttari sem eyðir litlu,ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.841 8955



**SPARIBAUKUR !!!**

VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955




## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
**S. 777-8100**
**Fáðu fagmenn í verkið**

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**MARKMIÐ VERKTAKAR**
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR EHF. SÍMI: 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEISLULIST SKÚTAN**
Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og aðstoð í eldhús. frá 08-16
**Uppl. veitir Sigurpáll í síma 565 1810 eftir kl. 13:00-17:00 eða spall@veislulist.is**

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf og tímbundið starf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Garðyrkjufyrirtæki óskar eftir duglegu sumarstarfsfólki. Kostur er ef fólk er með bíl til umráða. Þurfa að geta byrjað helst strax. S. 7745775

A prominent landscape gardening business is looking for a professional paver to join the team. S. 7745775

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Hverfisskipulag Háaleiti – Bústaðir verklýsing

Vegna fyrirhugaðrar vinnu við hverfisskipulag fyrir Háaleiti- Bústaði – Borgarhluta 5, er nú til kynningar verkefnislýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Verklýsingin hefur fengið vinnuheitið "Háaleiti Bústaðir - verklýsing hverfisskipulagsgerðar" og nær til eftirfarandi hverfa; Háaleiti–Múlar Kringlan–Leiti–Gerði , Bústaða- og Smáíbúðahverfi og Fossvogshverfi–Grófir, sjá nánar afmörkun skipulagssvæðis í verklýsingu.

Hverfisskipulag fyrir Háaleiti- Bústaði er hluti af áætlun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030 um að vinna hverfisskipulag fyrir öll gróin hverfi í Reykjavík. Helstu markmið hverfisskipulagsins er að stuðla að sjálfbærum, vistvænum og heilsueflandi lausnum, sameina ólíkar deiliskipulagsáætlanir í hverfunum í eitt heildarskipulag og að auðvelda íbúum að sækja um smábreytingar á sínum fasteignum.

Verklýsingin er orðin aðgengileg á vefnum; ***http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu*** og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér hana. Ábendingum og athugasemdum við verklýsinguna skal skilað skriflega til skipulagsfulltrúa Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***, eigi síðar en 4. maí 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 5. apríl 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bertha Ingibjörg Gunnarsdóttir**

Sandbakka 11, Höfn, Hornafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands fimmtudaginn 31. mars. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju föstudaginn 8. apríl kl. 14.00.

**Karl Sigurðsson**
**Gunnar Karlsson** **Sigrún Dúfa Helgadóttir**
**Agnes Karlsdóttir** **Sigmundur Annasson**
**Bragi Karlsson** **Valdís Kjartansdóttir**
**Ólafur Karl Karlsson** **Aðalheiður Þyrí Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Matthías Björnsson Axfjörð**

húsasmíðameistari,

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 26. mars. Útförin mun fara fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.30.

**Sigríður Kristjana Kristjánsdóttir**
**Kristín Þ. Matthíasd. Axfjörð** **Stefán Friðrik Ingólfsson**
**Ragnheiður Gísladóttir**
**Ólöf Matthíasdóttir** **Kristján Elís Jónasson**
**Aðalheiður Matthíasdóttir** **Ingimar Ólafsson Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingi Eggertsson**

lést föstudaginn 18. mars 2016. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu Nesvöllum fyrir einstaklega góða umönnun og umhyggju.

**Ágústa Halla Jónasdóttir**
**Hjálmtýr Ingason** **Þuríður G. Aradóttir**
**Sigurður E. Ingason** **Bjarnheiður Þ. Þórðardóttir**
**Ásdís Ingadóttir** **Sveinbjörn Halldórsson**
**Þórarinn I. Ingason** **Jóhanna Ó. Jónasdóttir**
**Sigríður Ingadóttir** **Ólafur J. Ormsson**
**Ragnar Ingason** **Jessica S. Suber**
**Jónas Ingason** **Hjördís Ó. Hjartardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Ólöf og Ólafur hafa umsjón með leiklistarnámskeiði fyrir fullorðna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Líkamstjáningin eflir sköpunargáfuna til muna

**Leiklistarnámskeið fyrir fullorðna hefst í dag í Listdansskólanum. Markmið námskeiðsins er að fá fólk á öllum aldri til þess að stíga út fyrir kassann og efla ímyndunaraflið.**

Í dag hefst leiklistarnámskeið fyrir fullorðna í umsjá Ólafar Sverrisdóttur og Ólafs Guðmundssonar en námskeiðið er við allra hæfi. „Við erum að fá til okkar fólk á öllum aldri, en sá elsti sem við höfum verið með var sjötugur. Tilgangurinn er að hrista upp í fólki, hjálpa því að sleppa tökunum og stíga út fyrir kassann. Námskeiðið er hannað þannig að allir hafa gagn og gaman af. Þeir sem stefna á að læra leiklist styrkjast heilmikið og verða öruggari en einnig þeir sem vilja bara fá smá frelsi og gera eitthvað öðruvísi. Þannig fáum við blandaðan en mjög drífandi hóp,“ segir Ólöf en hún kom námskeiðinu fyrst á fót árið 2008 og hefur síðan rekið það ásamt Ólafi.

Aldurshópurinn er 17 ára og eldri og segir Ólöf fólk koma úr öllum áttum. „Við erum líka að fá til okkar fólk á öllum aldri. Yfirleitt hafa verið fleiri á milli tvítugs og þrítugs og svo eldra en fertugt en á sumum námskeiðum er ekkert að marka það og meðalaldurinn er allt annar.“

> **Þetta er bæði sjálfsstyrking og leiklist. Fólk hefur komið til okkar sem stefnir á að sækja um í leiklistarskóla.**

Markmið námskeiðsins er að vekja sköpunargáfu fólks og virkja ímyndunaraflið. „Þetta er bæði sjálfsstyrking og leiklist. Fólk hefur komið til okkar sem stefnir á að sækja um í leiklistarskóla. Margir hafa fengið leiklistarbakteríuna og birst reglulega í aukahlutverkum hér og þar eða tekið þátt í áhugaleikfélögum. Það er mismunandi hvað fólk er að fá út úr námskeiðinu, við erum að fá fólk til að tjá sig, hvort sem það er með líkamanum eða orðum.“

Samkvæmt Ólöfu hefur komið fyrir að fólk hafi ákveðið að breyta um stefnu í lífinu eftir að hafa náð að opna og tjá sig á námskeiðunum. „Það er eitthvað við það að nota leiklist til að opna fyrir tjáningu og sköpun. Hugur, líkami og andi (ímyndunarafl) koma saman í leiklistaræfingum. Það er ekki alveg það sama að vita eitthvað í höfðinu. Þegar fólk stígur líkamlega út fyrir þægindahringinn virkar það betur. Þetta er í raun það besta sem fólk getur gert til þess að efla sjálfstraust og sjálfsvitund. Eitt sinn kom maður sem ákvað að hætta í viðskiptum og verða jógakennari eftir að hafa mætt á námskeiðið. Ein konan fékk kraft og þor til að stofna sitt eigið fatahönnunarfyrirtæki eftir að hafa komið til okkar.

Enn eru nokkur laus pláss á námskeiðið sem hefst í dag en námskeiðin fara fram í Listdansskólanum á Engjateig 1. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á iceolof@hotmail.com.

**gunnhildur@frettabladid.is**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við fráfall elskulegrar móður minnar, eiginkonu, dóttur og ömmu,

**Díönu Sifjar M. Sveinbjörnsdóttur**

Gufudal, Ölfusi,

sem varð bráðkvödd á heimili sínu þann 18. mars sl. en útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu þann 30. mars.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Haukur Þór Grímsson**



Ástkær dóttir, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Birna Guðfinna Magnúsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Boðaþingi, þriðjudaginn 29. mars. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00

**Helga Guðbjörnsdóttir**
**Helga Lára Bjarnadóttir** **Valgeir Egill Ómarsson**
**Magnús Bjarnason** **Fanney Björnsdóttir**
**Linda Björk Bjarnadóttir** **Gunnar Ingvi Þórisson**
**bræður og barnabörn.**

# Heiður að vera treyst til forystu í evrópskri stjórn

**Lóa Steinunn Kristjánsdóttir sögukennari er nýskipaður forseti Euroclio, evrópskra heildarsamtaka fólks sem sinnir sögukennslu. Hún er nýkomin heim af ráðstefnu í Belfast og fannst athyglisvert að sjá þar enn múra milli hverfa.**

Euroclio eru fjölmenn samtök þeirra sem sinna sögukennslu í Evrópu og það er heiður að vera treyst til forystu í þeim. Við sitjum í stjórn í sex ár að hámarki, ég er búin að vera í fjögur og var orðinn mesti reynsluboltinn,“ segir Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, sögukennari í Menntaskólanum við Sund og nýr forseti Euroclio.

Euroclio voru stofnuð fyrir 25 árum í kringum fall Berlínarmúrsins. „Þá var farið að endurskrifa námsefni í fyrrum Austur-Evrópuríkjum, þar sem oft þurfti að breyta mjög miklu,“ upplýsir Lóa. „Við höfum líka unnið með heimafólki við námsgagnagerð á Balkanskaganum og Svartahafssvæðinu, þar sem áhersla er lögð á hinn sameiginlega arf frekar en sundrandi þætti.“

Samtökin hafa skrifstofu í Haag með fimm starfsmönnum. Auk þess segir Lóa marga einstaklinga vinna innan samtakanna í sjálfboðavinnu, þar á meðal hana sjálfa. „Ég hef setið fundi og tekið þátt í að móta námskeið og leiðsegja þar og finnst það áhugavert. Við gefum líka út rafræna kennslubók sem heitir historyana.eu og ég hef skrifað í hana. Svo höldum við árlega eina stóra ráðstefnu og minni málþing inn á milli.“

> **Kennarar vinna saman þvert á alla múra og reyna að minnka togstreituna.**

Lóa Steinunn er einmitt nýkomin af stórri ráðstefnu í Belfast. Hún kveðst aldrei hafa komið til þeirrar borgar áður og segir klofninginn í samfélaginu mun meiri en hún hafi átt von á. „Þarna eru enn múrar milli hverfa og mismunandi skólar eftir trúarbrögðum fólks og uppruna. Það var sérstök upplifun eftir tveggja tíma flugferð frá Íslandi. Þarna er samt lífsglatt fólk og kennarar vinna saman þvert á alla múra og reyna að minnka togstreituna.“

Á Íslandi hefur verið dregið úr sögukennslu á seinni árum, að sögn Lóu. Hún er ekki nógu ánægð með þá þróun. „Saga er viðamikil grein á öllum skólastigum víðast í Evrópu, einkum í efri bekkjum grunnskóla og ef við horfum til Danmerkur þá eru stærðfræði og saga stóru greinarnar þar í framhaldsskóla. En hér hefur verið farið inn á svo mikla félagsfræðilínu síðustu áratugina.“ **gun@frettabladid.is**



**Á Íslandi hefur verið dregið úr sögukennslu á undanförnum árum, að sögn Lóu Steinunnar. Hún er ekki nógu ánægð með þá þróun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



✝

Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir, mágur, tengdasonur og barnsfaðir,

**Aron Brimir Þorbergsson**
frá Raufarhöfn,

lést þann 27. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en fyrir þá sem vilja minnast hans, hefur verið stofnaður minningarsjóður fyrir Adel Brimi Aronsson, son hans. 0192-18-750700, kt. 260810-2350.

**Adel Brimir Aronsson**
**Fjóla B. Þorgeirsdóttir**
**Þorbergur Gestsson**
**Alma Ýr Þorbergsdóttir** **Margeir Þór Eggertsson**
**Signý Lind Þorbergsdóttir** **Helgi Rúnar Einarsson**
**Ásta Hermannsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Henný Lind Halldórsdóttir**

---



✝

Okkar ástkæra

**Kristín Kjartansdóttir**
Dalbraut 37, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans fimmtudaginn 31. mars. Útförin mun fara fram frá Áskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 15.00.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur þeirra**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýju og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns,

**Hlyns Ingimarssonar**
vélfræðings,
Goðheimum 26, Reykjavík.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ragnheiður Guðnadóttir**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við fráfall elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**Einars Sigurðssonar**
áður til heimilis að Mánavegi 1, Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fossheima fyrir kærleiksríka umönnun og stuðning á erfiðum tíma.

**Vilborg Árný Einarsdóttir** **Einar Hólm Ólafsson**
**Sigurður Kristinn Einarsson**
**Jarþrúður Einarsdóttir** **Sigurbjörn Árnason**
**Margrét Einarsdóttir**
**Sonja Ingibjörg Einarsdóttir** **Hrafn Stefánsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Jóns Helgasonar**
fv. framkvæmdastjóra mannvirkjasviðs Vegagerðarinnar, Þjóttuseli 5.

**Stefanía G. Björnsdóttir**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Sigurður Óli Hákonarson**
**Stefán Helgi Jónsson** **Guðbjörg S. Bergsdóttir**
**Rannveig Jónsdóttir** **Reynir Óli Þorsteinsson**
**Sigríður Ragna, Jón Helgi, Friðrika, Ólafur, Sveinbjörg**
**Þóra og Lára Salvör**

---



✝

Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Matthías Pétur Hauksson**
Stavanger,

lést á heimili sínu 3. apríl. Útförin fer fram í Stavanger.

**Janet Monsen**
**Arnfríður Aradóttir**
**synir, systkini og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

**Snæbjörn Kristjánsson**

sem lést á heimili sínu þann 16. mars, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00.

**Hulda Scheving Kristinsdóttir**
**Guðný K. Snæbjörnsdóttir**
**Kristján G. Snæbjörnsson**

---



✝

Við þökkum samúð og hlýhug við fráfall okkar ástkæru dóttur og móður,

**Sigrúnar Sæmundsdóttur**
hjúkrunarfræðings.

Sérstakar þakkir til allra sem önnuðust hana í veikindunum.

**Hrafnhildur Jónasdóttir** **Sæmundur R. Jónsson**
**Þóra Helgadóttir**
**Dagbjört Harðardóttir**
**Vilborg Harðardóttir**

---



✝

Elskulegi faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Trausti Ólafsson**
kaupmaður,

lést fimmtudaginn 31. mars að hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin fer fram í Grafarvogskirkju, föstudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Elísabet Traustadóttir** **Sigurður Matthíasson**
**og afkomendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Hvöss austanátt með suðurströndinni í dag, en annars hægari. Rigning með köflum, en úrkomulítið norðvestan til. Milt veður að deginum.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| ←5 | ←4 | ←4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | 1° |
| ↙6 | ↙5 | ↗4 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| ↖6 | ↖3 | ↙1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 5° | -0° |
| →1 | →2 | ↑4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sæti
6. klaki
8. merki
9. gætinn
11. skst.
12. táknmynd
14. klippur
16. org
17. skjögur
18. arr
20. frú
21. skarpur

**LÓÐRÉTT**
1. ávöxtur
3. skammstöfun
4. sandgrynning
5. sjáðu
7. samleikur
10. kusk
13. nálægt
15. sjá eftir
16. þrá
19. gelt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. ís, 8. hak, 9. var, 11. no, 12. ímynd, 14. skæri, 16. óp, 17. rið, 18. sig, 20. fr, 21. klár.
**LÓÐRÉTT:** 1. kíví, 3. eh, 4. sandrif, 5. sko, 7. samspil, 10. ryk, 13. nær, 15. iðra, 16. ósk, 19. gá.

### Skák Gunnar Björnsson

Luther hafði hvítt gegn Meyer í Berlín árið 1990

**Hvítur á leik**

**1. Dxh6+! Kxh6 2. Hh8#.**

Nýlega kom út síðari bók Helga Ólafssonar um Reykjavíkurskákmót í 50 ár. Umfjöllun um hana má nálgast á Skák.is.

**www.skak.is** Reykjavíkurskákmót í 50 ár.




### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | | |
| | | 8 | 1 | | | 4 | | 5 |
| | | | | | 8 | 1 | | |
| | | 3 | | | 7 | 2 | | 9 |
| | 7 | 2 | | 5 | 4 | | 1 | |
| 8 | | | 3 | | 2 | | 4 | 7 |
| 2 | 8 | 4 | | | 6 | | | |
| 7 | | | | 9 | 1 | 8 | 2 | |
| | | | 8 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 7 | | | 1 | 9 | |
| 2 | 7 | | | | | 5 | | 3 |
| | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | 6 | 9 | 7 | | | 8 |
| | | 8 | | | | 7 | 3 | |
| | 1 | | | 2 | | | | 6 |
| | 9 | 7 | | 3 | | | 2 | |
| | | | | | | | | 1 |
| | 3 | | 4 | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | | | 9 | |
| | 4 | | | 7 | | | 8 | 2 |
| 7 | | | | | | | | 6 |
| 3 | | | | | | 6 | | 4 |
| | | 6 | 3 | | 7 | | | |
| 4 | 8 | 7 | | | 5 | | | |
| | | 1 | | | | | 2 | |
| 9 | | | | 3 | | 1 | | |
| 2 | 6 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








DJÚP SPOR
10. APRÍL, KL. 21:00
15. APRÍL, KL. 20:30
24. APRÍL, KL. 20:30

BANGOURA BAND
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
7. APRÍL, KL. 21:00

PÉTUR JÓHANN ÓHEFLAÐUR
16. APRÍL, KL. 20:00

VINNSLAN #10
9. APRÍL, KL. 19:30

MIÐASALA:
MIDI.IS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS

TJARNARBÍÓ

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Háteigsskóla

## Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Háteigsskóla

Háteigsskóli, áður Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands, er hverfisskóli í Hlíðahverfi, stofnaður árið 1968. Í skólanum eru um 440 nemendur í 1.-10. bekk. Einkunnarorð skólans eru *virðing, samvinna* og *vellíðan* og einkenna þau starfið í skólanum. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Skólinn hefur sérhæft sig í kennslu íslensku sem annars tungumáls og fjölbreytileiki í nemendahópnum er í hávegum hafður. Leiklist er markvisst notuð í kennslu á öllum stigum til að stuðla að sterkari sjálfsmynd nemenda og aukinni félagsfærni. Áhersla er lögð á góða upplýsingagjöf til foreldra og við skólann starfar öflugt foreldrafélag. Gott samstarf er við frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöðina 105 sem eru í húsnæði skólans.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s.ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2016.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Laugalækjarskóla

## Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Laugalækjarskóla

Laugalækjarskóli er unglingaskóli í Laugarneshverfi, stofnaður árið 1960. Í skólanum eru um 290 nemendur í 7.-10. bekk. Við skólann er starfrækt Tungumálaver á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem sinnir ráðgjöf og kennslu í norsku, pólsku og sænsku. Laugalækjarskóli tekur þátt í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar, verkefninu Heilsueflandi skóli og hefur þegið boð um að gerast réttindaskóli UNICEF. Skólinn hefur um árabil verið í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Þrándheimi um menntun og þjálfun kennaranema. Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Laugó sem staðsett er í húsnæði skólans.
Einkunnarorð skólans eru *virðing, eldmóður* og *gleði* og stefnt er að því að byggja upp ábyrga og sjálfstæða einstaklinga.
Áhersla er lögð á þverfaglega verkefnavinnu, námsmöppur nemenda, markvissa ígrundun þeirra um eigið nám, öfluga stuðningskennslu og leiðandi uppeldi. Í starfsmannahópnum er ríkur umbótavilji og hefð er fyrir lýðræðislegri skólaþróun og samvirkri forystu starfsmanna.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, metnaðarfulla skólasýn og einlægan áhuga á menntun og velferð unglinga.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s.ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2016.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Aðalfundur

**Reykjavíkurdeildar Búmanna 2016 verður haldinn miðvikudaginn 13. apríl n.k. í Safnaðarheimili Guðríðarkirkju kl. 17:00.**

**Dagskrá:**
- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar samkvæmt gildandi samþykktum Búmanna
- Kosning fulltrúa Reykjavíkurdeildar á aðalfund Búmanna.
- Tillaga að samþykktum fyrir deildina
- Fréttir frá aðalstjórn Búmanna
- Önnur mál.

Allir félagsmenn Búmanna í Reykjavík eru hvattir til að mæta.

***Stjórn Reykjavíkurdeildar Búmanna***

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Norðurbrú 5 - Sjálandi Garðabæ. 3ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 94,5 fm. íbúð á 3. hæð í Sjálandinu í Garðabæ. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi og á baðherbergi. Stofa með hornglugga og útgengi á svalir til austurs. Frábær staðsetning þar sem leik- og grunnskóli er í göngufæri. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

**Skólagerði 33 – Kópavogi. Parhús.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




205,2 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 36,6 fm. bílskúr sem er innréttaður sem íbúð. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð og alla tíð fengið mjög gott viðhald. Allar breytingar og viðhaldsframkvæmdir hafa verið unnar af fagmönnum. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Sérlega rúmgott og bjart eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Skjólgóður garður til suðurs og hellulögð innkeyrsla. **Verð 64,9 millj. Verið velkomin.**



# Tónlistarfólk nýtur meiri virðingar í Þýskalandi

**Sólveig Steinþórsdóttir fiðluleikari stundar nám í Berlín en heldur í kvöld tónleika ásamt Kristni Erni Kristinssyni skólameistara skólans þar sem hún hóf nám þriggja ára gömul.**

Sólveig Steinþórsdóttir er ungur fiðluleikari sem stundar nám við Listaháskólann í Berlín. Sólveig hóf fiðlunámið aðeins þriggja ára gömul hjá Lilju Hjaltadóttur við Allegro Suzuki-tónlistarskólann en í kvöld halda Sólveig og Kristinn Örn Kristinsson, píanóleikari og skólastjóri þessa sama skóla tónleika í kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík.

„Ég er núna í námi í Berlín og hef verið þar frá því haustið 2014 en var áður nemandi Guðnýjar Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík. Í kvöld er ég svo að fara að halda þessa tónleika ásamt Kristni svo ég geti nú aðeins sýnt og leyft fólki að heyra hvað ég er búin að vera að læra frá því ég fór til Berlínar. Það er rosalega gaman að vera í listnámi í Berlín enda er það alveg einstök menningarborg. Það er fullt af tónleikum og endalaust af spennandi listviðburðum sem er hægt að fara á þannig að það er nóg við að vera. Mér finnst vera mikill kostur að vera í umhverfi sem er svona nærandi og menningarlífið er svona fjölbreytt og spennandi."

Sólveig segir fiðluna og tónlistina hafa heillað allt frá því hún byrjaði að læra, þriggja ára gömul. „Það þurfti ekkert að ýta þessu að mér og ég var alltaf viss um að halda áfram. Í dag er þetta rosalega stór hluti af lífinu því það þýðir ekkert að vera í þessu öðruvísi. Svo það eru æfingar á hverjum degi og alltaf nóg að gera. Það er frí í skólanum akkúrat núna svo ég ákvað að nýta tímann til þess að koma heim og gera eitthvað og þetta eitthvað er auðvitað að spila og halda tónleika.

Námið sem ég er í tekur venjulega um sex ár og ég vonast svo eftir að geta starfað úti í framhaldinu. Þannig að ég sé í rauninni fram á að vera talsvert lengi áfram þarna úti. Ísland er ekkert rosalega spennandi sem stendur. Mér finnst einhvern veginn að tónlistarfólk njóti meiri virðingar í Þýskalandi en hér þar sem er oft talað um tónlistina eins og hún sé bara hobbí þó svo auðvita sé líka fólk sem hefur mikinn áhuga. Mér finnst fleiri íslenskir tónlistarmenn í Berlín finna fyrir þessu og því kannski eðlilegt að þeir hugsi um að vera áfram úti."

Á efnisskránni í kvöld eru sónata nr. 3 eftir Brahms, sónata nr. 4 eftir Ysaÿe og Tambourin Chinois eftir Kreisler. „Það var svo sem engin sérstök ástæða fyrir því að ég valdi þessi verk önnur en að ég er búin að vera að vinna í þeim í vetur og mér finnst gaman að koma með eitthvað sem maður er öruggur með og hlakka mikið til þess að spila í kvöld."

**magnus@frettabladid.is**



**Sólveig Steinþórsdóttir og Kristinn Örn Kristinsson halda tónleika í kirkju Óháða safnaðarins í kvöld og bjóða alla velkomna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Höfundakvöld í Norræna húsinu**

Norræna húsið The Nordic House

5. apríl kl. 19:30



**Susanna Alakoski (SE)** er félagsráðgjafi og verðlaunaður rithöfundur. Árið 2006 hlaut hún August-priset fyrir sjálfsævisögulegu *Svínastíurnar* (Svinalängorna). Sagan hefur einnig verið kvikmynduð og hlaut hún kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2011.

**Veitingastaðurinn Aalto Bistro** hefur opið fyrir matargesti og býður upp á ljúffengan kvöldverð og smárétti.

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**

**Höfundakvöld Norræna hússins 2016**
**3. maí** Viveca Sten (SE)

Sturlugata 5, 101 Reykjavík
Tel: 5517030, www.nordichouse.is

# Börnin erfa landið

**LEIKHÚS**

**Made in Children**

★★★☆☆

**Borgarleikhúsið**

**Höfundar og leikstjórn:** Alexander Roberts, Aude Busson og Ásrún Magnúsdóttir
**Leikarar:** Flóki Dagsson, Freyja Sól Francisco Heldersdóttir, Herdís Sigurðardóttir, Jörundur Orrason, Kolbeinn Einarsson, Kolbeinn Orfeus Eiríksson, Margrét Vilhelmína Nikulásardóttir, Matthildur Björnsdóttir, Óðinn Sastre Freysson og Ylfa Aino Eldon Aradóttir
**Tónlistarstjórn:** Björn Kristjánsson
**Hljóð:** Baldvin Þór Magnússon
**Leikmynd og búningar:** Guðný Hrund Sigurðardóttir
**Ljósahönnun:** Friðþjófur Þorsteinsson



**Börnin í sýningunni Made in Children standa sig vel.**

Okkar yngstu þjóðfélagsþegnar áttu leik föstudaginn síðasta á litla sviði Borgarleikhússins þegar samstarfsverkefnið Made in Children var frumsýnt. Tíu börn á aldrinum átta til tólf ára hafa hreiðrað um sig í húsinu og unnið að sviðsverki síðustu þrjá mánuði undir handleiðslu sviðslistafólksins Alexanders Roberts, Aude Busson og Ásrúnar Magnúsdóttur. Markmiðin eru háleit og metnaðarfull en hugmynd hópsins var að gefa ungu kynslóðinni listræn verkfæri til að tjá sig um framtíðina sem fyrir þeim liggur.

En því miður höktir nýtt íslenskt sviðsverk enn og aftur á gölluðu handriti. Að þessu sinni liggur vandamálið í uppbyggingu textans en framvindan byggist á því að börnin útskýra hvað þau sjá í fari meðleikara sinna og hvernig framtíð þeirra verður með undarlega orðuðum einræðum. Setningaskipan leiktextans er alls ekki nógu sterk og orðfærið á skjön. Stíllinn myndar óþarfa fjarlægð á milli leikaranna á sviði en einnig á milli leikara og áhorfenda. Tímarammi sýningarinnar verður óljós og kjarni textans týnist.

Í leikskrá er sýningin staðsett á mörkum mikils vonleysis og öfgafullrar bjartsýni, framtíðarinnar sem við hlökkum til en kvíðum á sama tíma. Fálætið og drepurðina fangar sýning vel en vonina vantar, hamingjuna sem sumir finna í erfiðum aðstæðum. Einnig takmarkast áhyggjuefnin of oft við einstaka atburði og persónulega pólitík frekar en þeirra stað í heiminum.

Frammistaða hinna ungu leikara er merkilega góð miðað við þemu sýningarinnar, fjölbreytt sviðsverkefni og oft á tíðum flókinn texta. Þau leysa sín verkefni af mikilli einlægni og persónutöfrar barnanna fá að njóta sín. Hvert og eitt þeirra kemur með nýjar áherslur, persónuleg blæbrigði og nærvera þeirra er dásamleg. Aftur á móti eru draumkenndu sviðsverurnar sem börnin koma til skila með því að klæðast gráum draugabúningum óskýrt innslag.

Tónlistarstjórnunin er í höndum Björns Kristjánssonar, sem kannski eru betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Borko, en börnin spila tónlistina sjálf og syngja af mikilli kunnáttu. Raftakturinn er áberandi en klassísk áhrif laumast inn á áhrifaríkan hátt. Tónlist og hljóðvinnsla bera af í annars áhrifalítilli umgjörð. Guðný Hrund Sigurðardóttir sér um leikmynd og búninga en þó fatnaðurinn sé litríkur skilar hann litlu inn í heildarmyndina. Sömu sögu má segja um sviðsmyndina sem samanstendur af bláum himni, fyrirferðarmiklum strigum af landslagi og eftirtektarlitlum textaskjá. Ljósahönnun Friðþjófs Þorsteinssonar er fyrirferðarlítil en einstaka sinnum fangar hann áferðarfögur augnablik.

Miðað við pólitískt ástand síðustu daga er greinilega mikil ólga í okkar litla samfélagi. Framtíðina erfa börnin en verkefni hinna fullorðnu er að plægja akurinn en ekki kveikja í öllu vegna þess að svoleiðis aðgerðir henta betur til styttri tíma. Tilraunastarfsemi af þessu tagi er hressandi og sviðsformið sem hópurinn velur börnunum spennandi, þó handritið sé gallað. Made in Children skortir fjölbreyttari nálgun á efnið þrátt fyrir frábæra frammistöðu unga fólksins.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ungu leikararnir glansa en umgjörðin er takmörkuð.




# TIL HAMINGJU, **JÓHANNA RUTH!**

**Jóhanna Ruth** er sigurvegari Ísland Got Talent 2016. Hún er svo sannarlega vel að sigrinum komin og við óskum henni og öllum hinum keppendum Ísland Got Talent innilega til hamingju. Takk fyrir frábæra keppni.

365.is | Sími 1817

365







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 5:30, 8, 10:25 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | 6, 9(POWER) |
| MY BIG FAT GREEK WEDDING 2 | 8, 10:10 |
| KUNG FU PANDA 3 | 5:50 ÍSL.TAL |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:20 - 7 - 8:30 | 12 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:10 | 12 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D VIP | KL. 7 - 10:10 | VIP |
| GODS OF EGYPT | KL. 8 | 12 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:40 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 - 6 | L |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:50 - 9 - 10:20 | 12 |
| ROOM | KL. 8 | 12 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 8 | 12 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 6 - 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 6:50 - 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 5:30 - 8:40 | 12 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. APRÍL 2016

## Tónlist

**Hvað?** Magnús R. Einarsson og hljómsveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Magnús R. Einarsson og hljómsveit flytja ný lög Magnúsar á Café Rosenberg í kvöld. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

**Hvað?** Latínkvintett Tómasar R.
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Á næsta djasskvöldi Kex hostels, í kvöld, kemur fram Latínkvintett kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar. Með honum leika þeir Ómar Guðjónsson á gítar, Sigtyggur Baldursson á kongatrommur, Kristófer Rodríguez Svönuson á bongótrommur og kúabjöllu, og Samúel Jón Samúelsson á guiro og básúnu. Flutt verður latíndjass tónlist eftir Tómas. Aðgangur er ókeypis.



**Hvað?** Kurt Cobain In memorian
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Ölhúsið – Ölstofa Hafnarfjarðar
Heiðar í Botnleðju mun troða upp í kvöld og spila Nirvana-lög til heiðurs Kurt Cobain sem lést þennan dag árið 1994.

**Hvað?** Dj Steindór Grétar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Steindór Grétar þeytir skífum á Prikinu í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Undanúrslit Músíktilrauna
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Músíktilraunir hafa fyrir löngu fest sig í sessi sem stökkpallur fyrir ungt tónlistarfólk. Í kvöld fer fram undankvöld keppninnar í Norðurljósasal Hörpu. Aðgangseyrir 1.500 krónur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Dj Atli Bolla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Atli Bolla hristir upp í gestum Bravó í kvöld. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

## Fyrirlestrar og erindi

**Hvað?** Bókmenntakvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Gestur bókmenntakvöldsins í Bókasafni Seltjarnarness í dag er rithöfundurinn Þórunn Jarla Valdimarsdóttir. Þar ræðir hún bók sína Stúlka með höfuð, þar sem segir frá uppvexti höfundar í Reykjavík hippaáranna, frjálsu stúdentalífi í Lundi og Mexíkó, kommúnum, ástmönnum og litríkum samferðamönnum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.



Þórunn Jarla verður í Bókasafni Seltjarnarness í dag.

**Hvað?** Erindi um átthagafræði Reykjavíkur - Laugarneshverfið
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31
Erindi á vettvangi U3A Reykjavík verður flutt í dag og er það í höndum Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttur þjóðfræðings. Hún fjallar um átthagafræði Reykjavíkur, Laugarneshverfið, sem er fyrsta úthverfið í Reykjavík. Þar fór að myndast byggð á þriðja áratug 20. aldar. Svæðið á sér þó mun lengri sögu sem fjallað verður um og sagt frá þróun byggðarinnar. Aðgangseyrir 500 krónur og allir velkomnir.

**Hvað?** Gæðastund
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Háteigskirkja
Gæðastund í Háteigskirkju í dag þar sem sr. Tómas Sveinsson fjallar um altaristöflur kirkjunnar. Byrjað verður á fjöldasöng og kaffi í Safnaðarheimilinu áður en farið verður yfir í kirkjuna og fræðslan hefst. Allir velkomnir.

**Hvað?** Grunnnám – hvað svo?
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Litla torgi.
Sérfræðingar deilda og fræðasviða Háskóla Íslands veita svör við algengum spurningum spurningum milli kl. 16 og 18 í dag. Náms- og starfsráðgjafar veita ráðgjöf og fulltrúar frá Nemendaskrá aðstoða við innritun og skráningu. Viðburðurinn er ætlaður öllum þeim sem hyggja á framhaldsnám í Háskóla Íslands. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Í leit að sannleiksgildi í húsakynnum Þjóðminjasafnsins.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Í dag ætlar dr. Anna Lísa Rúnarsdóttir, sviðsstjóri rannsókna og þróunar í Þjóðminjasafni Íslands, að flytja fyrirlestur í hádegisfyrirlestraröð safnsins. Í erindinu verður fjallað um þær áskoranir sem safnið stendur frammi fyrir í varðveislu húsasafns Þjóðminjasafnsins. Aðgangur ókeypis og opinn öllum.

## Listir

**Hvað?** Tilraunakvöld Listaháskóla Íslands
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Þriðja tilraunakvöld Listaháskóla Íslands og Mengis fer fram í kvöld. Dagskráin verður fjölbreytt þar sem við sögu koma innsetningar og gjörningar, sviðlistaverk og tónlistaratriði. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Þeir sem íhuga framhaldsnám á háskólastigi ættu að leggja leið sína í Háskóla Íslands í dag, þar sem hægt verður að kynna sér allt um málið.


## Lagning ljósleiðara í Strandabyggð

Fyrirhuguð er bygging ljósleiðaranets í sveitarfélaginu Strandabyggð. Gert er ráð fyrir að öll lögbýli, fyrirtæki, stofnanir og sumarhús í sveitarfélaginu verði tengd ljósleiðaranetinu.

**Auglýst er eftir:**
1. Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaraneti á ofangreindum svæðum á næstu 3 árum

eða

2. Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja og e.t.v. reka til framtíðar ljósleiðaranet með stuðningi frá sveitarfélaginu, komi til þess að enginn aðili svari lið 1. hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi frá sveitarfélaginu skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra neta, auk þess að leggja fram raunhæfa verk- og rekstraráætlun o.þ.h.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu um fyrirætlanir sínar til Strandabyggðar, á netfangið strandagyggd@strandabyggd.is fyrir **kl. 12:00 12. apríl n.k.** Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint mál eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum, og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið strandagyggd@strandabyggd.is.

*F.h. Strandabyggðar*
*Andrea K. Jónsdóttir*
*sveitarstjóri*

# APRÍL SPRENGJA! BÚMM!



SKRAMMJJ! -33% 50 STK.

**EPSON þráðlaus fjölnota heimilisprentari**

**9.995**
ÁÐUR 14.995

EPS-XP332



KAZZAAAAM! -30.000 15 STK.

**15,6" fartölva, Intel i5, 1TB SSHD, 8GB vinnsluminni**

**109.995**
ÁÐUR 139.995

TOS-L50C1UV



SKRAMMJJ! -44% 50 STK.

**32GB minnislykill með 150M á sekúndu**

**2.495**
ÁÐUR 4.495

SDI-SDCZ73032G



SPREEENGJ! -10.000 20 STK.

**500GB EVO SSD 3 ára ábyrgð**

**24.995**
ÁÐUR 34.995

SAM-MZ75E500BEU



BAAANG! -36% 25 STK.

**Þráðlaust lyklaborð og mús 10 metra drægni**

**4.495**
ÁÐUR 6.995

LOG-MK270



## AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM!

tl.is

TÖLVULISTINN




**2 | 19:55**
**EMPIRE**
Við höldum áfram að fylgjast með Lucious Lyon og álaginu sem fylgir því að lifa og hrærast í gallhörðum tónlistarbransanum þar sem allir reyna að ná sínu fram sama hvað það kostar!

# FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**365**

**2 | 20:40**
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



**2 | 21:25**
**11/22/63**
Æsispennandi þáttaröð með James Franco í hlutverki menntaskólakennarans Jake Epping sem ferðast aftur í tímann til að koma í veg fyrir morðið á John F. Kennedy.



**2 | 22:55**
**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sína hárbeittu og beinskeyttu kímnigáfu.




**20:15**
**MIRROR MIRROR**
Spennu- og ævintýramynd um Mjallhvíti og dvergana sjö, stjúpmóðurina vondu og prinsinn sem verður ástfanginn af Mjallhvíti.



**3 | 21:55**
**iZOMBIE**
Spennuþættir með gamansömu ívafi sem fjalla um læknanemann Rose en hún er frábrugðin öðrum þar sem hún er í hópi hinna lifandi dauðu.



**G | 22:00**
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu við að leysa gömul og rykfallin sakamál.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** 365.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Brunabílarnir
**07.45** Scooby-Doo! Leynifélagið
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Cristela
**10.35** White Collar
**11.20** Junior Masterchef Australia
**12.10** Besti vinur mannsins
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.50** Nashville
**16.35** Scooby-Doo! Leynifélagið
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.15** Mom
**19.35** The Big Bang Theory
**19.55** Empire
**20.40** Major Crimes
**21.25** 11/22/63 Ný og æsispennandi þáttaröð með James Franco í hlutverki Jakes Epping sem ferðast aftur í tímann til að koma í veg fyrir morðið á John F. Kennedy. Þetta reynist honum síður en svo einfalt enda enginn leikur að snúa á fortíðina. Meðal framleiðanda og höfunda þáttanna eru meðal annars Steven King og J.J. Abrams.
**22.10** Mad Dogs
**22.55** Last Week Tonight With John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar með á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir sinn hárbeitta og beinskeytta húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show.
**23.25** Grey's Anatomy
**00.10** Girls
**00.40** Blindspot
**01.25** The Player
**02.10** The Strain
**02.50** The Strain
**03.35** The Strain
**04.20** NCIS
**05.05** The Middle
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**07.45** Messan
**09.00** Premier League
**10.45** Spænski boltinn
**12.30** Spænsku mörkin
**13.00** Ítalski boltinn
**14.40** Premier League
**16.25** Messan
**17.40** Þýsku mörkin
**18.05** Ítölsku mörkin
**18.30** UEFA Champions
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.15** Premier League Review
**22.10** UEFA Champions League
**00.00** Dominos deild kvenna
**01.35** Meistaradeildarmörkin

## SPORT 2

**11.55** Premier League
**13.35** Premier League
**15.15** Premier League
**16.55** Dominos deildin
**18.30** Körfuboltakvöld
**19.10** Dominos deild kvenna
**21.10** Premier League
**22.50** Þýski boltinn

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Shell Houston Open
**11.15** Golfing World 2016
**12.05** ANA Inspiration
**15.05** Shell Houston Open
**18.05** PGA Tour 2016
**19.00** Golfing World 2016
**19.50** Shell Houston Open

## STÖÐ 3

**18.45** Last Man Standing
**19.10** Baby Daddy
**19.30** The Amazing Race. All Stars
**20.20** Drop Dead Diva
**21.05** One Born Every Minute
**21.55** I.Zombie
**22.40** Mayday. Disasters
**23.30** The Listener
**00.15** American Horror Story
**01.15** The Amazing Race. All Stars
**02.00** Drop Dead Diva
**02.40** One Born Every Minute
**03.25** I.Zombie
**04.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Sumardalsmyllan
**08.55** UKI
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Latibær (18 / 18)
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Ofurhundurinn Krypto
**10.25** Lína langsokkur
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Sumardalsmyllan
**12.55** UKI
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.22** Latibær
**13.45** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Ofurhundurinn Krypto
**14.25** Lína langsokkur
**14.48** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Sumardalsmyllan
**16.55** UKI
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.22** Latibær (18 / 18)
**17.45** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Ofurhundurinn Krypto
**18.25** Lína langsokkur
**18.48** Ævintýraferðin
**19.00** Flóttinn frá jörðu



**Könnuðurinn Dóra 07:00**

## GULLSTÖÐIN

**18.10** Raising Hope
**18.35** 2 Broke Girls
**18.55** Friends
**19.20** Mom
**19.45** Veggfóður
**20.30** Dallas
**21.15** Nikita
**22.00** Cold Case
**22.45** Chuck
**23.30** Friends
**23.50** Veggfóður
**00.35** Dalla
**01.20** Nikita
**02.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Mr. Morgan's Last Love
**12.55** Battle of the Year
**14.45** Mirror Mirror
**16.30** Mr. Morgan's Last Love
**18.25** Battle of the Year
**20.15** Mirror Mirror Spennu- og ævintýramynd um Mjallhvíti og dvergana sjö, stjúpmóðurina vondu, aðstoðarfólk hennar og prinsinn sem verður ástfanginn af Mjallhvíti. Þau lifna við í þessari litríku og léttu grínútfærslu leikstjórans Tarsems Singh með Juliu Roberts í fantaformi.
**22.00** Breakout
**23.30** A Haunted House Malcolm og Kisha flytja í draumahúsið en fljótlega átta þau sig á að ekki er allt með felldu. Það er ljóst að þau búa ekki ein í húsinu heldur virðist einhvers konar púki hafa valið sér búsetu þar líka. Þegar Kisha verður andsetin ákveður Malcolm að leita allra ráða til að bjarga henn og fær í lið með sér prest, miðil og hóp af draugabönum.
**00.55** The Drop
**02.40** Breakout

## RÚV

**16.55** Lögreglukonan
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Hopp og hí Sessamí
**18.18** Millý spyr
**18.25** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Íþróttaafrek Íslendinga
**20.40** Maðurinn og umhverfið
**21.15** Innsæi
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hamingjudalur
**23.25** Spilaborg
**00.15** Kastljós
**00.45** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Top Chef
**09.50** Minute To Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** The McCarthys
**13.55** Emily Owens M.D
**14.40** Judging Amy
**15.25** Welcome to Sweden
**15.50** America's Next Top Model
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Black-ish
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Brotherhood
**00.35** Chicago Med
**01.20** Quantico
**02.05** Madam Secretary
**02.50** Elementary
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa


Stofnaðilar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar
Icelandair
Arion banki
Center Hotels
Lexus

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



ÁL, ORKA OG UMHVERFI

7. apríl kl. 9:00-15:15

## Áskoranir í efnisfræði

**Málstofa um ál, orku og umhverfi, fimmtudaginn 7. apríl í HR, stofu M209**

Málstofan er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi. Málstofan er önnur í röð fjögurra sem fjalla um: lífstoðefni, ál, efni sem notuð eru við orkuskipti og áskoranir á sviði jarðhita.

## Dagskrá:

09:00-09:40
**Developments in electrochemical science, engineering design, control, and materials enhancing aluminium smelting technology**
Barry Welch, prófessor emerítus við University of Auckland, Nýja Sjálandi

09:40-10:10
**Impurities in the aluminium electrolysis cell**
Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR

10:10-10:40
**Striving for world benchmark fluor emission result in demanding circumstances**
Unnur Þorleifsdóttir, verkfræðingur, Alcoa

10:40-10:55 **Kaffihlé**

10:55-11:25
**Continuous improvements to lower emission during capacity creep**
Einar Friðgeir Björnsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs hjá Norðuráli

11:25-11:55
**Aluminum production at Isal and its impact on the environment**
Ari Jónasson, verkfræðingur, Rio Tinto Alcan

11:55-12:25
**Recycling of waste from the primary aluminium industry**
Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

12:25-13:00 **Léttur hádegisverður**

13:00-13:20
**Styrkveiting samfélagssjóðs Alcoa til uppbyggingar efnisfræði við Háskólann í Reykjavík**

13:20-13:50
**Carbon footprint of aluminium production, Iceland versus world**
Þröstur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þekkingarkjarna HRV

13:50-14:30
**The future of aluminium: the environmentally friendly industry**
Barry Welch, prófessor emerítus við University of Auckland, Nýja Sjálandi

14:30-14:45 **Kaffihlé**

14:45-15:15 **Pallborðsumræður**
**Fundarstjóri:** Rauan Meirbekova, sérfræðingur hjá HR

**Málstofan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.**
Nánar á hr.is

Fundaröð um efnisverkfræði er styrkt af samfélagssjóði Alcoa.

ALCOA FOUNDATION

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe
SAFT



Söngkonan glæsilega Ciara er hér með kórónu úr föstum fléttum sem kemur einstaklega vel út.



Ashley Benson skartar öðruvísi útgáfu af fastri fléttu.



Fyrirsætan Hailey Baldwin var á dögunum með eina fasta fléttu við fínt tilefni.



Tískudrottningin Kim Kardashian hefur verið dugleg við að vera með fléttur upp á síðkastið.



## Trendið
## Fastar fléttur

Það er engum blöðum um það að fletta að fastar fléttur eru nú töluvert vinsælli en þær hafa verið á undanförnum árum. Stórstjörnur á borð við Kim Kardashian og Ciara hafa stokkið á vagninn eru reglulega með fastar fléttur. Það sem er tiltölulega gott við þetta trend er að flestir geta fléttað sig sjálfir eða fengið einhvern vin til þess að gera það fyrir sig.

Nú hefur þeim konum fjölgað mikið sem skarta föstum fléttum við hin ýmsu tilefni. Það virðist ekki skipta máli hvort konur eru að fara fínt út að borða eða til vinnu eða í skólann. Það er alltaf tilefni til þess að fá sér eina fasta.

Fréttablaðið hafði samband við Hugrúnu hárgreiðslukonu á Barbarellu og ræddi við hana um þetta trend og hún telur að það muni springa almennilega út í sumar þegar sólin verður farin að láta sjá sig.

„Þegar ég horfi á æðið fyrir tveimur föstum fléttum hugsa ég um ungt tónlistarfólk og að þetta hafi hugsanlega eitthvað að gera með aukinn áhuga á rappinu! Þetta er töffara-streetlook þótt Kardashian hafi skartað þeim nýverið og verður líklega heitt í sumar hjá yngri kynslóðinni en kannski ekki mikið lengur en það.“




**Blár er alþjóðlegur litur einhverfu.** Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Blár apríl er árlegt vitundarátak Styrktarfélags barna með einhverfu. Leggjum átakinu lið og beinum sjónum okkar að málefnum barna með einhverfu – því lífið er blátt á mismunandi hátt.

#blaraprill

902 1010

BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

Endalaust 365

ENDALAUST

NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

Endalaus og áhyggjulaus Internetáskrift.

Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**

1817 | 365.is

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is






# Sigmundur og samfélagsmiðlarnir

Það er óhætt að segja að samfélagsmiðlarnir hafa logað eftir þátt Kastljóss um aflandseignir forsætisráðherra og mátti þar sjá mikla reiði en einnig notendur sem brugðust við með glensi. Fréttablaðið ákvað að taka saman nokkrar skemmtilegar færslur um málið.

## twitter

**„SELDI ÉG KONUNNI MINNI? ÉG VEIT EKKERT HVAÐA KONA ÞETTA ER. ÉG HEF ALDREI SÉÐ HANA ÁÐUR." - SIGMUNDUR DAVÍÐ #CASHLJÓS**

@björnbragi

**[ÍSLENSK PÓLITÍK]**

**ÞJÓÐIN: „SEGÐU AF ÞÉR!"**

**SIGMUNDUR: „AF ÞÉR."**

**ÞJÓÐIN: „NEI, SEGÐU Í ALVÖRU AF ÞÉR!"**

**SIGMUNDUR: „Í ALVÖRU AF ÞÉR."**

@björnbragi

**SEGJA AF MÉR? MEINARÐU SEGJA FRÁ MÉR? MÉR FINNST T.D. ERFITT AÐ SJÁ SJÁLFAN MIG Í SJÓNVARPINU. ROÐNA ALLUR OG ER ALGERT KRÚTT. #CASHLJÓS**

@Cottontopp









**CLOWN-EPISODE? #CASHLJÓS #PANAMAPAPERS**

@Soleytomasar

**ÉG ER BARA STRAX ORÐINN REIÐUR. #CASHLJÓS**

@StefnMni

**KEYPTI EINS DAGS „PREMIUM" NETTENGINGU Á HÓTELINU OG SETTI „DO NOT DISTURB" SKILTIÐ Á HURÐINA. KLÁR! TITRA AF SPENNINGI. #CASHLJÓS#TITRA**

@johanneshaukur

gudrunjona@frettabladid.is stefanthor@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


AFTUR Á
TACO BELL
BURRITO
CRUNCH
999 kr.
Funheit
kjúklingavefja
með hrísgrjónum,
Doritos -flögum, osti,
BBQ-sósu
og sýrðum
rjóma.
Boxmáltíð:
Burrito Crunch,
nachos, sósa,
gos og Hraun.
1.499 kr.
BURRITO
CRUNCH
TACO
BELL
Hafnarfirði / Grafarholti / www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Nanna Elísa Jakobsdóttir



# Takk fyrir ekkert, SDG

Fjölmiðlar um heim allan fjalla nú um Ísland. Sigmundur má eiga það að honum hefur tekist að koma okkur Íslendingum allrækilega á kortið. Rétt eins og Eyjafjallajökull forðum.

Áhugi útlendinga á Íslandi kitlar oft egóið og blæs glæðum í gleymt þjóðarstolt en núna er þetta ekkert gleðiefni. Ein fréttanna kemur sérlega illa við mig persónulega. Þannig er nefnilega mál með vexti að ég hyggst flytjast búferlum til New York borgar í haust og leggja þar stund á alþjóðasamskipti. Þangað til allt sprakk í gær hlakkaði ég bara reglulega til; kynnast nýju fólki og pæla í samskiptum þjóða á milli. En nú er þessi tilhlökkun blendin. Vægast sagt. Því að sænskir rannsóknarblaðamenn hafa afhjúpað það að við Íslendingar kusum eitt sinn að kalla Sigmund Davíð einn kynþokkafyllsta mann landsins.

Ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því hvað þetta getur haft í för með sér. Hvernig eiga íslenskar konur að geta haldið sjó í þeirri róstusömu laug sem stefnumótamarkaðurinn vestanhafs er þegar fjölmiðlar halda því fram fullum fetum að okkur þyki kynþokkinn leka af hæstvirtum forsætisráðherra? Ég neyðist til þess að halda þjóðerni mínu leyndu ef skólagangan á að verða ánægjuleg, nema, er það yfirhöfuð hægt í námi sem snýr að samspili þjóða á milli? Úff. Ég sé fyrir mér að þurfa að berja af mér haug af lúðum þegar í ljós kemur að ég tilheyri þjóðinni sem kaus Sigmund Davíð: Í kynþokka?!










